



Bls. 6



Mikilvægt að herða eftirlit

Bls. 27



Sumir eru góðir vinir mínir

Bls. 38



Páskaúthlutun



Við flytjum allt og ekkert er of stórt fyrir okkur

Eimskip Flytjandi býður örugga og hagkvæma flutningaþjónustu til um 80 áfangastaða um land allt. Fullkomið upplýsinga- og farmskrárkerfi tryggir örugga flutningastýringu og gott upplýsingastreymi til viðskiptavina.

Hvað getum við flutt fyrir þig? Hafðu samband og fáðu tilboð.

**Útgefandi:**Efling-stéttarfélag
Sættúni 1**Ábyrgðarmaður**

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamaður

Róbert Ágústsson

RitstjórnAtli Lýðsson
Guðmundur P. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir**Starfsmenn á skrifstofu**Anna Lís Terrazas
Anna Lísja Sigurðardóttir
Atli Lýðsson
Ágúst Þorláksson
Berglind Davíðsdóttir
Elin Baldursdóttir
Fjöla Jónsdóttir
Guðmundur P. Jónsson
Guðrún Kr. Ólafsdóttir
Harpa Ólafsdóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Margrét Davíðsdóttir
Oddný Einarsson
Ólöf Björk Björnsdóttir
Ragnar Ólason
Sigurður Ólafsdóttir
Sigurður Bessason
Sveinn Ingvarsson
Tryggvi Marteinsson
Þórir Guðjónsson
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson**Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta**Björk Stefánsdóttir
Elin Hanna Kjartansdóttir
Hallsteinn Friðbjörsson**Starfsafl**

Sveinn Aðalsteinsson

Útlit og umbrót

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis hf.

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Á forsíðu**Aðsetur**Efling-stéttarfélag, Sættúni 1.
Sími 510 7500/fax 510 7501Skrifstofa Eflingar er opin frá kl. 08.15
– 16.00.**Úthlutunarnefnd**Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtudag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikning viðkomandi.
Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendir: 510 7511

Sigurður Bessason

Stjórnmalamenn falla á fyrsta prófinu

Á árinu 2007 standa stjórnvöld, atvinnurekendur og verkalyðshreyfingin frammi fyrir mikilvægu viðfangsefni. Á þessu ári mun ráðast hvort það tekst að ná jafnvægi í hagstjórn landsins þannig að launafólk fái einhvern ávinning af áformuðum skattabreytingum og hvort tekst að ná niður matvæla-

verði með samstilltum aðgerðum sem ná til tolla, vörugjalda, virðisaukaskatts og fyrirkomulags verndar landbúnaðarvara.

Því miður eru fréttir fjölmiðla þessa fyrstu daga ársins skýr vísbending um að stjórnmalamenn í ríkisstjórn og sveitarstjórnnum ætli að falla á fyrsta prófinu í þessu efni. Ríkið gengur nú á undan með hækkun fasteignagjalda bæði íbúðarhúsnæðis og enn meiri hækkun á atvinnuhúsnæði en hvort tveggja gengur gegn stefnu um stöðugt verðlag og jafnvægi í efnahagsmálum. Þá hafa leiðandi sveitarstjórnir í landinu tilkynnt um miklar hækkunar á ýmsum þjónustugjöldum þar á meðal leikskólajöldum.

Á þessum tíma nú um áramótin þegar um þrír mánuðir eru þar til matvæla-verð á að lækka er gríðarlega mikilvægt að almenningur fái skýr skilaboð frá stjórnvöldum um að allt verði gert til að ná settum markmiðum í þessu efni. Sveiflur íslensku krónunnar undanfarna mánuði, allt of há verðbólga og spennan í hagkerfinu hér á landi eru sterkar vísbendingar að þróunin verði í aðra átt, því miður. Síðan berast fréttir af því að einstakar verslanir og verslunarkeðjur hafi hækkað verð nú fyrir áramótin til að búa sig undir verðlækkanir í mars. Á bak við verslanirnar standa heildsalarnir sem virðast staðráðnir í að velta verðhækkunum út í verðlagið. Þetta eru ekki fréttir til að vekja traust almennings á að þessar aðgerðir takist.

Verkalyðshreyfingin og aðrir aðilar sem standa vörð um hagsmuni almennings í verðlags- og neytendamálum hafa á undanförunum mánuðum búið sig mjög vel undir áformaðar verðlækkanir með kerfisbundnum verðkönnunum hjá fjölda verslana í landinu. Verðkannanir skerpa vitund almennings við eðlilegar aðstæður í efnahagsmálum en há verðbólga og þensla vinna gegn verðvitund launafólks í þessu efni.

Það yrði hörmuleg niðurstaða ef óstjórnin í efnahagsmálum og ábyrgðarleysi stjórnmalamanna á sveitarstjórnarstiginu yrði til að eyðileggja þau góðu áform sem allir eru samála um að yrði með lækkun á matvæla-verðinu. Efling-stéttarfélag minnir á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við samkomulag ASÍ og SA frá því í júní á síðasta ári um að hafa náði samráð við aðila til að tryggja þær efnahagslegu forsendur sem liggja til grundvallar samkomulagi þeirra og er þar sérstaklega átt við þróun verðlags.

Það verður að vera hægt að taka mark á yfirlýsingum stjórnvalda. Stjórnvöld eiga að stíga fram fyrir skjöldu í þessu máli og beita sér að fullum þunga svo verðlækkanir 1. mars renni ekki út í sandinn. Lækkun matvæla-verðs til allra framtíðar hefur verið eitt mikilvægasta baráttumál undanfarin ár. Það má ekki verða skammtímahagsmunum að bráð.

Sigurður Bessason
formaður Eflingar-stéttarfélags

EFNISYFIRLIT

Syngur með Regnbogakonum	4	Þetta er svo gaman	24
Herðum á eftirliti	6	Nýr hópur félagsliða	26
Tekjutengdir dagpeningar hækka	8	Sumir eru góðir vinir	27
Kjarabreytingar	8	Landnemaskólinn	28
Sumar á Vatnsnesi	10	Árangur	30
Strandir heilla	11	Í skjúnum	32
Í austurveg	12	Tímamótasamningar	35
Botnfraus	14	Páskaúthlutun	38
Orlofsávisanir	15	Skemmtilegt	42
Fleiri samstarfsaðilar	16	Misvísandi upplýsingar	44
Fræðslustyrkir hækka	37	Ánægjulegur árangur	48
Betri trúnaðarmenn	18	Yfirlit yfir námskeið	51
Veruleg hækkun launa	20	Framtíð í nýju landi	55



Magano Kaprína Shiimi í garðinum við heimili sitt

Magano Kaprína Shiimi

Syngur með Regnbogakonum

Magano Kaprína Shiimi er frá Namibíu og kom til Íslands í janúar 2005 og vannur í fiski hjá HB Granda í Örfirisey. Fyrst eftir að ég kom hingað vann ég í fiski í Grindavík en flutti svo til Reykjavíkur og fór að vinna hjá HB Granda, segir hún, þegar blaðið heimsótti hana fyrir skömmu. Tilefnið var að hún söng með Regnbogakonum á skemmtun á ársfund Alþýðusambands Íslands sem var haldin á Broadway. Kórinn er á vegum Alþjóðahússins og vakti flutningur hans mikla athygli áheyrenda.

Magano segir að kórinn hafi verið stofnaður í sumar og konur frá mörgum löndum Evrópu, Ameríku, Asíu og Afríku taki þátt í starfinu. Þær flytja lög á ýmsum tungumálum eins og íslensku, ensku, spænsku, japönsku, ítölsku og kínversku.

Magano söng í kirkjukór heima í Namibíu og þegar hún frétti af Regnbogakonum sótti hún um og komst í kórinn. Hún segist hafa orðið mjög glöð og ætli að syngja í kórnum eins lengi og söngkrafta hennar sé óskað.

Gætum hugsað okkur að dvelja hér til frambúðar, segir Magano Kaprína Shiimi frá Namibíu

Ég flutti hingað ásamt dóttur minni sem er 12 ára og henni gengur mjög vel í skólanum og við gætum vel hugsað okkur að dvelja hér til frambúðar, sagði Magano að lokum.



LJÓSMYND: BJARKI REYR

Regnbogakonur á Broadway

Skýr



Njóttu lífsins með heilbrigðum lífsstíl

KEA-skyr er frábær hollustuvara sem einungis er unnin úr náttúrulegum hráefnum. KEA-skyr er einstaklega næringarríkt, það inniheldur hágæða prótein og er fitulaust.

KEA-skyr er góður kostur fyrir alla þá sem hafa hollustuna í fyrirrúmi og vilja lifa á heilsusamlegan hátt.



FIGURÐ • HREYSTI • HOLLUSTA



Ágúst Þorláksson, verkefnastjóri í eftirlitsferð á vinnustað. Á innfelldu myndinni er Sigurður Bessason formaður Eflingar

Sérstakt vinnustaðaeftirlit sett á laggirnar

Mikilvægt að herða á eftirliti

- segir Sigurður Bessason

Stjórn Eflingar hefur ákveðið að leggja aukna áherslu á eftirlit með vinnustöðum á kjarasamningssviði félagsins. Ákvörðunin er tekin með hliðsjón af því að samstarfi ASÍ félagsanna um eftirlit með vinnustöðum er lokið fyrir nokkru. Sigurður Bessason, formaður Eflingar sagði í viðtali við Fréttablað Eflingar að það samstarf hefði sýnt að mikilvægt væri að félögin á höfuðborgarsvæðinu sameinuðust um slíkt eftirlit.

Við höfum lengi haft gott samband við fjölmarga vinnustaði, aðstoðum við kosningu trúnaðarmanna, kynnum fræðslustarfið okkar og höldum fundi á vinnustöðunum, sagði Sigurður. Þetta verkefni kemur þar til viðbótar og við höfum skipað Ágúst Þorláksson, starfsmann Eflingar sem verkefnisstjóra í þetta mál. Verkefnið beinist m.a. að vinnustöðum þar sem ætla má að brot séu í gangi á kjarasamningum okkar eða lögum en það hefur komið í ljós að svo er á mörgum vinnustöðum þar sem

Verkefnið beinist m.a. að vinnustöðum þar sem ætla má að brot séu í gangi á kjarasamningum okkar eða lögum

félagsmenn okkar af erlendum uppruna starfa, sagði Sigurður.

Leitað verður samstarfs við önnur félög í Reykjavík sem mestra hagsmuna hafa að gæta en Efling hefur verið í samstarfi við Trésmiðafélag Reykjavíkur og áform er um samstarf við Matvís.

Meginmarkmiðið er að leitast við að koma reglulegu eftirliti á vinnustaði þar sem ætla má að brot séu í gangi á kjarasamningum og hafa meira frumkvæði að eftirliti með ferðum sérstaklega á vinnustaði þar sem starfsmenn af erlendum uppruna starfa og um leið að beita aðhaldi að stofnunum sem sinna málefnum útlendinga hér á landi.

Verkefni vinnustaðaeftirlits Eflingar-stéttarfélags

- Að eiga frumkvæði að heimsóknunum á vinnustaði til að koma upplýsingum á framfæri um réttindi og skyldur launafólks og atvinnurekenda samkvæmt kjarasamningum og lögum. Að veita launafólki af erlendum uppruna upplýsingar um gildandi launa- og starfskjör í þeirri starfsgrein sem þeir vinna í.
- Að kanna hvort viðkomandi launafólk er að taka launakjör í samræmi við starfskjör og kjarasamninga sem almennt gilda á samningssviðinu.
- Að kanna hvort rétt er staðið að atvinnuleyfum ef um þau er að ræða.
- Að leita eftir ráðningarsamningum erlends launafólks frá Vinnumálastofnun og eiga frumkvæði gagnvart Vinnumálastofnun að sækja þangað upplýsingar og vera einn af tengiliðum Eflingar gagnvart stofnuninni.
- Að tryggja að þegar vitneskja eða grunur er um brot á kjarasamningum á vinnustöðum er fyrir hendi, þá fari þegar í stað vinna í gang til að tryggja stöðu viðkomandi starfsmanna.

Efling – fyrir líkama og sál



Fréttir frá Sjúkrasjóði Eflingar

Tekjutengdir dagpeningar hækka

Hámarksviðmið tekjutengdra dagpeninga hækkar úr kr. 256.250.- í kr. 263.681.- frá 1. janúar 2007. Þá hækka eftirfarandi styrktegundir vegna endurhæfingar eða fyrirbyggjandi aðgerða:

Sjúkra- og endurhæfing

Sjúkra- eða endurhæfing hjá sjúkra-þjálfara, heilsu- eða sjúkranuddara, kíropraktor, iðjuþjálfara eða talþjálfara úr kr. 950.- pr. skipti í kr. 1.000.- pr. skipti. Greitt er fyrir allt að 25 skipti á hverjum 12 mánuðum.

Heilsustofnun Hveragerði

Dvöl í Heilsustofnun Hveragerði fer úr kr. 950.- pr. dag í kr. 1.000.- pr. dag. Greitt er í allt að 6 vikur (42 daga) á hverjum 12 mánuðum.

Hjartavernd

Rannsókn hjá Hjartavernd fer úr kr. 6.000.- að hámarki í kr. 6.500.-

Greitt er fyrir eina rannsókn á hverjum 12 mánuðum.

Framhaldsskoðun Krabbameinsfélaginu

Framhaldsskoðun hjá Krabbameinsfélaginu hækkar úr kr. 4.000.- í kr. 4.500.- einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

Skilyrði

Til að fá greidda fulla styrkupp hæð þarf að hafa verið greitt sem svarar til lágmarkslauna af umsækjanda til sjóðsins eða kr. 14.800.- á síðustu 12 mánuðum. Nái umsækjandi ekki þeirri upphæð er greitt hlutfall miðað við innkomin iðgjöld til sjóðsins næstliðna 12 mánuði.

Mikilvægt er að skila frumriti af kvittun og ljósriti af síðasta launaseðli með umsókn um styrki þar sem allir styrkir eru tekjutengdir en miðað er við innkomin iðgjöld til sjóðsins.

Kjarabreytingar frá 1. janúar 2007

Frá 1. janúar 2007 taka í gildi ýmsar breytingar, bæði út frá kjarasamningum og eins vegna samkomulags um endurskoðun þeirra.

Á almennum vinnumarkaði hækka laun um 2,9% í samræmi við endurskoðun kjarasamnings frá nóvember 2005. Hjá ríki/hjúkrunarheimilum og sjálfseignarstofnunum hækka laun einnig um 2,9% frá 1. janúar en hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum hækka laun um 3%. Frá áramótum verða lágmarkstekjur fyrir fullt starf 125.000 kr. Skatt- hlutfall staðgreiðslu lækkar í 35,72% og persónuafsláttur hækkar í 32.150 krónur á mánuði. Þá hækka framlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð úr 7% í 8% á almennum vinnumarkaði og



verður þá lágmarksframlag í lífeyrissjóð 12%, þar sem að launamaður greiðir áfram 4%. Um áramótin hækka einnig framlag atvinnurekanda í starfsmenntasjóð og fer í 0,15%

Sjá má nánar á vef Eflingar. Efling.is /kjaramal

ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ TÓNLISTARFÓLKs

Markmið Tónastöðvarinnar hefur frá upphafi verið og er enn að þjóna tónlistarfólki á öllum sviðum. Meðal annars leggjum við mikla áherslu á þjónustu við nemendur í tónlist og tónlistarkennara með því að bjóða upp á eins mikið úrval gæðahljóðfæra og nótnabóka og kostur er á litlum markaði – og að sjálfsögðu á sem hagstæðustu verði.

Aðalsmerki verslunarinnar hefur ávallt verið að veita faglega og persónulega þjónustu. Þrátt fyrir hinn gríðarlega vöxt verslunarinnar á stuttum tíma hafa eigendur og starfsfólk ekki misst sjónar á meginmarkmiðinu; að þjóna viðskiptavinunum af alúð, kostgæfni og fagmennsku. Allt frá upphafi hefur Tónastöðin átt þeirri gæfu að fagna að hafa í sinni þjónustu úrvals starfsfólk með mikla þekkingu á sínu sviði. Það er því engin tilviljun að Tónastöðin hefur á innan við tveimur áratugum breyst úr litlu heimilisfyrirtæki í stærstu og veglegustu hljóðfæra- og nótnaverslun landsins – þjónustumiðstöð tónlistarfólks.

Í Tónastöðinni
finnur þú einstakt úrval
hljóðfæra á góðu verði,
nótur og fylgihluti.

Hjá okkur færðu
faglega þjónustu,
byggða á þekkingu
og áralangri reynslu.

Tónastöðin • Skipholti 50d • sími: 552 1185 • www.tonastodin.is





TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn

Spennandi ferð á slóðir Grettissögu

Sumar á Vatnsnesi og Skaga



Fyrri sumarferð Eflingar-stéttarfélags um Vatnsnes og Skaga verður farin dagana 28. til 30. júní n.k. Ekið verður á fimmtudeginum að Steinsstöðum en Steinsstaðir eru í næsta nágrenni við Varmahlíð í Skagafirði. Það verður gíst í tvær nætur. Á leiðinni til Steinsstaða verður komið við á sögufrægum stöðum og harla líklegt að staldrað verði við á Bjargi, heimaslóðum Grettis Ásmundarsonar. Á föstudeginum verð-

ur farið um Vatnsnes og Skaga.

Á Vatnsnesi er margt að skoða t.d. Hvítserk og margt er þar frásagnarvert. Gott útsýni er þar til Strandafjalla. Þaðan er ferðinni heitið til Skaga en svo heitir hinn mikli skagi sem er á milli Húnaflóa og Skagafjarðar. Náttúrufegurð er mikil á Skaga og ýmislegt sem ber fyrir augu ferðamanna.

Innfalið í ferðinni er akstur, leið-

sögn, gisting á Steinsstöðum, morgunverðir og kvöldverðir. Fólk þarf að hafa með sér nesti fyrir daginn en oftast er hægt að kaupa kaffi á brúsa á gístistöðunum. Þá er rétt að minna á góðan fatnað og góða skó.

Innritun í ferðina hefst 12. mars á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags í síma 510 7500.

Ferðin kostar kr. 18.000.-



Sumar á Ströndum

Vinsæl sumarferð Eflingar

Strandirnar heilla - aftur!!!!

Ferð sem Efling-stéttarfélag skipulagði á síðasta sumri norður á Strandir reyndist svo vinsæl að færri komust að en vildu. Af ýmsum ástæðum var ekki hægt að bjóða upp á aðra ferð fyrir Eflingu í fyrrasumar en fljótlega var ákveðið að bjóða upp á sams konar ferð í sumar til að mæta óskum fjölda félagsmanna um að komast í þetta vinsæla ferðalag á Strandirnar.

Ferðin verður farin dagana 12. til 15. júlí n.k. og verður sama fyrirkomulag nú og var fyrir ári síðan. Ekið verður á fimmtudegi til Djúpuvíkur og gist á Hótel Djúpavík í þrjár nætur. Ætlunin

Ætlunin er að fara í bátsferð með ströndinni frá Norðurfirði norður að Horni


er að fara í bátsferð með ströndinni frá Norðurfirði norður að Horni. Þetta er dagsferð og sannarlega þess virði að eyða degi í slíka ferð. Sérstaklega ef veðurguðirnir verða ferðalöngum hliðhollir. Markverðustu staðir í Árneshreppi verða skoðaðir og farið í nokkrar gönguferðir. Á heimleiðinni á sunnudeginum er boð-

ið upp á ferð út í Grímsey á Steingrímsfirði en þangað er mjög skemmtilegt að koma.

Innifalið í ferðinni er akstur, sigling og leiðsögn, gisting á Hótelinu á Djúpuvík, morgunverðir og kvöldverðir. Fólki þarf að hafa með sér nesti fyrir daginn en hægt er að kaupa kaffi á brúsa á hótelinu. Þá er rétt að minna á að taka með sér góðan fatnað og góða skó.

Innritun í ferðina hefst 12. mars á skrifstofu Eflingar – stéttarfélags, síma 510 7500.

Ferðin kostar kr. 25.000.-



Vetrarhöllin í Pétursborg, en þar er Hermitage safnið

Það er spennandi sumar í vændum fyrir þann hóp félagsmanna Eflingar sem hefur hug á að ferðast utanlands með félaginu næsta sumar. Ferðir Eflingar-stéttarfélags erlendis næsta sumar eru nú sem næst fullmótaðar og verður haldið í austurveg. Ferðin liggur umhverfis Finnsla Flóa og er fyrsti áfangastaður Helsinki þar sem dvalið verður í tvær nætur. Það er margt að sjá í Helsinki og er gert ráð fyrir að nýta tímann vel til að skoða borgina.

Þaðan er haldið akandi um Porvoo, Kotka og Vyborg til St. Pétursborgar sem eitt sinn var höfuðborg Rússaveldis en hét Leningrad á tímum Sovétríkjanna. Borgin, sem er byggð á óshólmum Nevu-fljóts, var stofnuð árið 1703 af Pétri mikla keisara. Farið verður í skoðunarferð um borgina. Meðal annars er ekið með Nevu-fljóti sem m.a. er þekkt af fjölmörgum brúm sem einkenna hana en þær eru alls 588. Ekið er um breiðgötuna Nevski Prospekt sem er eitt af helstu kennileitum borgarinnar.

Farið verður á söfn og ýmsir merkir staðir skoðaðir. Gist verður í St. Pétursborg í þrjár nætur. Frá St. Pétursborg verður ekið til Tallinn höfuðborgar Eistlands. Tallinn þýðir Danska virkið enda er borgin stofnuð af Dönum á 13.öld meðan Danaveldi var mikið her- og sjóveldi. Óvíða er að finna jafn vel varðveittan miðaldabæ og þar, enda

Utanlandsferð Eflingar 2007
um Finnsla Flóa

Í austurveg

standa gömlu virkisveggirnir að mestu leyti enn. Tallinn er auk þess sögð ein fegursta borg í heimi þegar komið er að borginni frá hafi. Þá er borgin þekkt um alla Evrópu og víðar fyrir fagurt handverk.

Dvalið verður tvær nætur í Tallinn

en þaðan er haldið á ferju yfir til Helsinki áður en flogið er heim á ný.

Fyrri ferðin verður 1.-8. júní en seinni ferðin 8.-15. júní. Báðar ferðirnar eru eins uppbyggðar. Innritun hefst á skrifstofu Eflingar 8. mars n.k. sími 510 7500. Ferðin kosta kr. 85.000.- fyrir félagsmann en 95.000.- fyrir maka eða ferðafélaga ef hann er ekki í Eflingu.

Greiða þarf staðfestingargjald fyrir 22. mars og greiða þarf ferðina að fullu í síðasta lagi þann 2. maí.



Frá Tallinn höfuðborg Eistlands

Milt og gott alla ævi



Neutral þvottaefni inniheldur hvorki litarefni, ilmefni, bleikiefni né önnur aukaefni sem eru þekkt fyrir að geta kallað fram kláða og exem. Þess vegna minnkar þú hættuna á snertiofnæmi og ofnæmisviðbrögðum þegar þú þværð með Neutral – bæði hjá þér og börnunum þínum. Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.



Neutral vörurnar eru viðurkenndar
af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.

Neutral
verndar viðkvæma húð



Sveinn Isebarn við snattbílinn

Á kókbílum í 40 ár

Botnfraus í flöskunum

- segir Sveinn Isebarn

Það telst til stórvíðburða þegar starfsmenn hafa unnið hjá sama fyrirtæki í 40 ár eða lengur. Sveinn Isebarn hóf störf hjá Vífilfelli 10. janúar 1966 og átti 40 ára starfsafmæli á sama tíma fyrir ári. Þó að seint sé í rassinn gripið heimsótti blaðið Svein á vinnustað sinn í tilefni af afmælinu.

Ég var ráðinn í gegnum klíku segir Sveinn þegar hann er spurður um aðdraganda þess að hann fór að vinna hjá Coca Cola. Faðir minn, Ísólfrur Isebarn, spilaði oft golf með Pétri Björnssyni, framkvæmdastjóra Vífilfells. Hann hringdi í Pétur og þá fóru hjólin að snúast og ég fékk starf í verksmiðjunni. Fyrstu tvo mánuðina vann ég á færibandi sem flutti tómar flöskur í vélasalinn. Þegar búið var að þvo þær og tappa á þær, tók ég á móti kössum með 24 kókflöskum og staflaði þeim í níu kassa stæður og trillaði þeim fram á lager. Þar tóku bílstjórar sem sáu um útkeyrsluna og aðstoðarmenn þeirra við

Góð vinátta var oft með vinnufélögnum sem unnu á bílunum og við fórum oft saman út að skemmta okkur um helgar

stæðunum og trilluðu þeim út í port og stöfluðu kössunum á bílpalla. Á þessum tíma voru lyftarar ekki komnir til sögunnar og þessi vinna var því öll unninn með handafli.

Farmurinn dugði ekki alltaf

Hann hóf upphaflega starf sem aðstoðarmaður á bíl í Vesturbænum. Svo fór ég á utanbæjarbílinn og var á honum í tæp tvö ár. Við sáu m.a. um dreifingu á kóki á Reykjanesi, í Borgarfirði, þar með talið í Húsafell og á Suðurlandi, austur á Hvolsvelli og í uppsveitum Árnessýslu. Utanbæjarkeyrslan gat oft verið erfið og sérstaklega í slæmum veðrum á vetrum.

Það kom stundum fyrir að flöskurnar botnfrusu og þá sprungu þær og farmurinn dugði ekki til þess að fylla alla viðkomustaðina.

Sveinn segist hafa hætt utanbæjarkeyrslunni og farið á innanbæjarbíl þar sem verkefnið var að sjá um útkeyrslu í Árbænum og Bústaðarhverfi. Þegar gámavæðingin hófst fór hann á snattbíl. Það var stærsti flutningabíllinn í bílaflota Vífilfells og ég hef verið á honum síðan. Við erum tveir sem vinnum á bílnum og sjáum um að fara með vörur á dreifingastöðvar og stærstu staðina á Stór- Reykjavíkursvæðinu, segir hann.

Aðstaðan batnað og vinnutíminn styst mikið

Sveinn segir að miklar breytingar hafi orðið á starfsumhverfi hjá Vífilfelli frá því hann byrjaði að vinna hjá fyrirtækinu fyrir rúmum fjörutíu árum. Fyrirtækið var staðsett í Haga, gömlu húsi sem stendur ennþá á horni Melhaga og Hofsvallagötu og flest störf voru unnin með berum höndum. Það var ekki fyrr en mörgum árum seinna að lyftarar og rafmagnstjakkar komu til sögunnar. Þá lagaðist vinnuaðstaðan mikið, bæði á lagernum og við hleðslu á bílana. Svo fluttum við í nýtt húsnæði í Árbænum og þá batnaði aðstaða og aðbúnaður ennfrekar, segir hann.

Aðspurður segir Sveinn að vinnutíminn hafi oft verið langur. Ég mætti í vinnuna klukkan átta og vann til tíu á kvöldin. Svo var líka unnið á laugardögum. Það hafði sína kosti að vinna mikið á þessum árum því að maður fékk fleiri krónur í launaumslagið.

Góð vinátta tókst oft með vinnufélögnum sem unnu á bílunum og við fórum oft saman út að skemmta okkur um helgar. Vinsælustu staðirnir voru Þórskafti, Sigtún og Glaumbær. Svo fórum við í útilegur á sumrin með tjöld og annan viðlegubúnað, ásamt fleira fólki sem vann í verksmiðjunni og skemmtum okkur konunglega.

Mér hlýnaði um hjartarætur

Sveinn segir að afmælisdagurinn hafi verið eftirminnilegur. Samstarfsfólk mitt og stjórnendur fyrirtækisins höfðu fjölmenn í matsalinn þegar ég mætti í kaffi síðdegis og afhentu mér viðurkenningarskjal, blóm og veglega afmælisgjöf frá fyrirtækinu. Ég get ekki neitað því að mér hlýnaði um hjartarætur þegar ég sá allt fólkið sem klappaði þegar ég gekk í salinn, sagði Sveinn að lokum.

Orlofsávisanirnar vinsælar

Hugaðu strax að þeim!



Takmarkaður fjöldi ávísana

Í ár er ávísunin kr. 6.000,- og verða gefnar út 800 ávísanir, en samkvæmt reynslu síðustu ára á sá fjöldi að fara langt með að fullnægja eftirspurninni.

Ávísunin gildir almanaksárið til ársloka 2007 og ógildist eftir það.

Þeir félagsmenn sem vilja sækja um ávísun þurfa að hafa samband við skrifstofu félagsins.

Þessi kostur er kjörinn fyrir þá sem ekki hafa átt þess kost að dvelja í orlofshúsunum en vilja nýta réttindi sín í orlofssjóðnum með öðrum hætti.

Skilyrði fyrir því að fá ávísun er að hafa verið í samfelldri greiðslu til félagsins s.l. 12 mánuði en eiga þó að lágmarki 48 punkta í orlofskerfi félagsins. Það jafngildir samtals tveggja ára punktasoðnun.

Punktafrádrag vegna ávísunar er 12 punktar.

Uppfylli umsækjandi þær kröfur fær hann úthlutað og senda ávísun eða

getur sótt meðan þær eru til en útgáfa þeirra er takmörkuð á hverju ári.

Rétthafi getur notað ávísunina sem greiðslu og þarf hann að framselja hana til þjónustuaðila.

Ekki er hægt að fá úthlutað orlofshúsi og/eða ávísun á sama árinu. Aðeins ein úthlutun á mann!

Ávísanir gilda ekki sem greiðsla fyrir sumarhús eða í ferðir á vegum félagsins.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast gerið skil hið fyrsta og forðist vexti og kostnað.



INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Kt. 530372-0229 • www.medlag.is
Banki 0139-26-4700 • Sími 590 7100 • Fax 590 7101



Orlofsávisunin 2007

Fleiri samstarfsaðilar!

Í upphafi nýja ársins er ekki úr vegi að fara að huga að ferðalögum og frítíma og margir þegar farnir að skoða möguleika á ferðalögum bæði innanlands sem utan.

Ferðabæklingar og tilboð um sól og sælu streyma til fólks jafnvel fyrir áramót og ekki seinna vænna að festa sér ferð í tíma. Þá kemur að því að nýta sér orlofsávisunina sem svo margir hafa gert síðustu ár.

Nú þegar liggur það fyrir að flestir ferðapjónustuaðilar innanlands munu verða í samstarfi við Eflingu stéttarfélag um orlofsávisanir á þessu ári.

Ávisunin gildir sem greiðsla fyrir flesta þá þjónustu sem þeir aðilar veita. Um undantekningar og sérskilmála getur þó verið að ræða í einhverjum tilvikum. Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér vel þá skilmála sem gilda um notkun ávisunarinnar hjá einstökum aðilum.

Eftirtaldir aðilar hafa gert samning við Eflingu um að taka við orlofsávisunum

sem greiðslu upp í þá þjónustu sem keypt er af þeim á árinu 2007:

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar tekur á móti orlofsávisunum sem greiðslu í hópferðir árið 2007. Farið er víða um Evrópu. Nánari upplýsingar á heimasíðunni **www.gjtravel.is** og í síma 511 1515.

Sumarferðir taka á móti orlofsávisunum Eflingar sem greiðslu í pakkaferðir ferðaskrifstofunnar. Orlofsávisanir verður hægt að nota í allar ferðir á vegum Sumarferða á árinu 2007. Nánari upplýsingar á vefnum, **www.sumarferdir.is** og í síma 575 1515.

Útivist tekur á móti orlofsávisunum sem greiðslu í ferðir félagsins sem kosta yfir 12.000 kr. árið 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins í síma 562 1000 og **www.utivist.is**

Ferðaskrifstofan Terra Nova tekur við orlofsávisun í allar auglýstar pakkaferðir með leiguflugi árið 2007. Um er að ræða ferðir m.a. til Portúgal, Barcelona og Salou á Spáni, Kýpur, Flórída, sumarhús í Hollandi auk fjölda annarra áfangastaða. Nánari upplýsingar í síma 591 9000 og á **www.terranova.is**

Ferðaskrifstofan Plúsferðir tekur við orlofsávisun í allar sólarlandaferðir með leiguflugi árið 2007. Áfangastaðir eru m.a. Benidorm, Mallorca, Krít og Tyrkland. Einnig leiguflugsferðir til Billund í Danmörku. Leitið nánari upplýsinga í síma 539 2100 og á **www.plusferdir.is**

Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn tekur á móti orlofsávisunum sem greiðslu í allar sólarlandaferðir með leiguflugi árið 2007. Úrval Útsýn býður ferðir til Kanaríeyja fram yfir páska og aftur næsta haust. Páskaferðir, vorferðir og ferðir fyrir eldri borgara bjóðast til Portúgal,

Mallorka, Krítar, Benidorm og Costa del Sol. Nánari upplýsingar í síma 585 4000 og á www.urvalutsyn.is

Ferðapjónusta bænda og Bændaferðir taka við orlofsávísunum vegna gistingar og annarrar þjónustu sem veitt er á hverjum stað. Yfir 120 bæir eru innan vébanda ferðapjónustunnar um allt land. Ýmsir flokkar gistinga er í boði. Nánari upplýsingar má fá í síma 5702700 eða á www.farmholidays.is

Flugleiðahótel reka tvær hótélkeðjur, Icelandair hótelin og Hotel Eddu. Í ár taka hótelin við orlofsávísunum Eflingar. Iceandair hótelin eru 8 heilsárshótel í Reykjavík, á Suðurlandi og á Austurlandi. Í **Hótel Eddu** keðjunni eru alls 15 sumarhótel (tveggja til þriggja stjörnu) hringinn í kringum landið. Flest eru starfrækt í skólum og ýmsa þjónustu að fá þar.

Athugið að ýmis sértíð og takmarkanir geta verið í gildi. Yfirleitt þarf að panta með fyrirvara. Nánari upplýsingar í síma 5050910. Sjá nánar á www.ice-hotels.is og hoteledda.is.

Fosshótel er keðja 13 hótela um allt land. Orlofsávísun gildir til að greiða fyrir gistingu (ekki fyrir mat og drykki)

Nú þegar liggur það fyrir að flestir ferðapjónustuaðilar innanlands munu verða í samstarfi við Eflingu stéttarfélag um orlofsávísanir á þessu ári

og gildir ekki með öðrum tilboðum. Athugið að ýmis sértíð og takmarkanir geta verið í gildi. Yfirleitt þarf að panta með fyrirvara. Upplýsingar eru veittar í síma 562 4000. Sjá einnig á bokun@fosshotel.is og www.fosshotel.is

Ferðaskrifstofan Prima og Heimsferðir tekur á móti orlofsávísunum sem greiðslu í allar pakkaferðir á vegum ferðaskrifstofunnar. Frekari upplýsingar í síma 5951000 og á netinu sala@heimsferdir.is og www.heimsferdir.is

Iceland Express tekur orlofsávísanir sem greiðslu í allar almennar ferðir sem auglýstar eru á vegum ferðaskrifstofunnar. Ávísanir gilda þó ekki í sérstök verðtilboð sem Iceland Express býður hverju sinni og **athugið að panta verður á skrifstofunni ef nota á ávísun.**

Nánari upplýsingar í síma 550 0600 eða á www.icelandexpress.is

Ferðaskrifstofan Ísafold tekur við orlofsávísunum Eflingar sem greiðslu í allar almennar ferðir sem auglýstar eru á vegum ferðaskrifstofunnar árið 2007. Nánari upplýsingar í síma 544-8866 eða á www.isafoldtravel.is

Norræna ferðaskrifstofan (Norræna) tekur orlofsávísanir sem greiðslu upp í ferðir með Ms. Norrænu til Færeyja, Hjaltlands, Noregs og Danmerkur. Norræna siglir nú allt árið til Seyðisfjarðar. Upplýsingar á skrifstofu að Stangarhyl 1, sími 5708600.

Fylkir er bílaleiga og ferðaskrifstofa sem tekur orlofsávísanir sem greiðslu fyrir bílaleigubíl og fleira. Fylkir er með alhliða ferðapjónustu og ýmsar skemmtilegar lausnir á ferðalaginu og að eigin sögn "bestir í Danmörku". Leitið upplýsinga á www.fylkir.is og í síma 456 3745.

Trex Hópfærdamiðstöð tekur við orlofsávísunum sem greiðslu fyrir rútuferðir innanlands. Leitið upplýsinga á skrifstofunni Hesthálsi 10, 110 Reykjavík, sími 587 6000 eða á heimasíðunni www.trex.is



Aukin tækifæri félagsmanna Eflingar

Fræðslustyrkir hækka árið 2007

Stjórnvöld ákváðu fyrir nokkru að veita auknu fé til íslenskukennslu og endurmenntunar fyrir félagsmenn í Eflingu-stéttarfélagi. Með þessum fram-
lögum af hálfu ríkisins til þessa mála-

flokks verður nú hægt að hækka styrki úr fræðslusjóðunum hjá **Eflingu- og Reykjavíkurborg** og hjá **Eflingu með ríki og hjúkrunarheimilum.**

Hæsti styrkur til náms verður

60.000.- þúsund krónur þannig að ef fólk greiðir sem dæmi námskostnað kr. 80.000.- þá fær það kr. 60.000.- endurgreiddar.

Almennt er greitt fyrir formlegt nám í framhaldsskólum 75% af námskostnaði.

Ef um starfstengt nám er að ræða sem er í samvinnu Eflingar-stéttarfélags og viðkomandi stofnunar eða vinnusviðs félagsins þá getur verið um 90% endurgreiðslu að ræða.

Tómstundanámsstyrkir hækka í 18.000.- þó aldrei meira en 50% af námskostnaði. Þá mun greiðsla vegna náms og kynnisferða hækka úr 25.000.- í 30.000.

Þessar reglur taka gildi frá 1. janúar 2007.

Hæsti styrkur til náms verður 60.000.- þúsund krónur þannig að ef fólk greiðir sem dæmi námskostnað kr. 80.000.- þá fær það kr. 60.000.- endurgreiddar



Trúnaðarmenn á námskeiði í Reykholti í Borgarfirði

Trúnaðarmenn Eflingar

Nýtum vorið til að verða **enn betri trúnaðarmenn!**

Trúnaðarmenn Eflingar eru mikilvægur hlekkur í starfi félagsins og kappkostað er að bjóða þeim uppá fyrsta flokks fræðslu þar sem tekið er á grundvallarþáttum vinnumarkaðarins ásamt því að bjóða uppá sértækari dagsnámskeið fyrir þá sem hafa lokið grunnnámskeiðum. Trúnaðarmannanámskeið I og II eru vikunámskeið sem allir trúnaðarmenn eru hvattir til að sækja, Trúnaðarmannanámskeið III er þriggja daga námskeið þar sem farið er út fyrir höfuðborgina. Einnig er boðið upp á nokkur dagsnámskeið.

Trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt til að sækja þessi námskeið án launaskerðingar en þurfa að sjálf-sögðu að sækja námskeiðin í samráði við yfirmann sinn.

Trúnaðarmannanámskeið I

Trúnaðarmannanámskeið I verður haldið 22. – 26. janúar. Á þessu námskeiði er farið í starf og hlutverk trúnaðarmannsins samkvæmt lögum og samningum ásamt því sem farið er í starfsemi stéttarfélaga, hlutverk þeirra og viðfangsefni.

Trúnaðarmannanámskeið I fyrir erlenda trúnaðarmenn

Trúnaðarmannanámskeið I fyrir erlenda trúnaðarmenn verður haldið 29. janúar – 2. febrúar. Á þessu námskeiði er farið í starf og hlutverk trúnaðarmannsins samkvæmt lögum og samningum ásamt því sem farið er í starfsemi stéttarfélaga, hlutverk þeirra og viðfangsefni. Mikil áhersla er lögð á að skýra einstök ákvæði kjarasamninga. Kennt verður á íslensku en þess gætt að efnið komist til skila.

Trúnaðarmannanámskeið II

Trúnaðarmannanámskeið II verður haldið 5. – 9. mars fyrir þá trúnaðar-

menn sem hafa lokið Trúnaðarmannanámskeiði I. Á þessu námskeiði er farið dýpra í starf verkalyðshreyfingarinnar ásamt því sem hagfræðihugtök eru skýrð og farið nánar í almennan vinnurétt og samskipti á vinnustað.

Trúnaðarmannanámskeið III

Trúnaðarmannanámskeið III verður haldið 29. – 31. mars. Námskeiðið er framhald af I og II. Farið er út fyrir höfuðborgina og gíst í tvær nætur. Meginefni námskeiðsins er m.a. hópefli, samtalstækni, vel rökstuddur málflutningur og ræðumennska.

Upprifjun kjarasamninga hjá Ríkinu og Reykjavíkurborg

Námskeiðið verður haldið þann 13. mars kl. 9.00 – 12.00.

Upprifjun kjarasamninga hjá almenna vinnumarkaðnum

Námskeiðið verður haldið þann 27. mars kl. 9.00 – 12.00.

Yfirlit yfir öll námskeið

Trúnaðarmannanámskeið I	22. – 26. janúar
Trúnaðarmannanámskeið I – Erlendir	29. janúar – 2. febrúar
Trúnaðarmannanámskeið II	5. – 9. mars
Trúnaðarmannanámskeið III	19. – 31. mars
Upprifjun kjarasamninga Ríki og Reykjavíki	13. mars
Upprifjun kjarasamninga almenni Vinnumarkaðurinn	27. mars

Námskeiðin eru haldin í fræðslusetri Eflingar að Sætúni 1, 4. hæð nema annað sé tekið fram. Skráning og nánari upplýsingar eru á skrifstofu Eflingar.

Tölvunám vorið 2007

Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 34.300 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmum 20 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

MCSA og MCP nám

Netumsjón MCP

Þetta er besta námið fyrir þig ef þú vilt sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Lærdur grunnfræði netkerfa, Windows XP Professional (70-270) og Windows 2003 Server (70-290). Tvö MCP próf innifalin.

Lengd: 121 stund/81 klst. Verð: 159.900

MCSA netstjórnun

Taktu MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráðu og vertu í hópi þeirra eftirsóttustu. Fáðu yfirburða þekkingu á netstjórnun og Exchange.

Þú lærir netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional (70-270), Windows 2003 Server MCP (70-290), stjórnun Windows neta og netumhverfi Windows 2003 (70-291) og Exchange Server 2003 (70-284).

Öll (4) nauðsynleg próf innifalin.

Lengd: 225 stundir/150 klst. Verð: 299.900

Annað MCP nám

- Windows XP Pro SP2 (70-270)
Lengd: 60 st./39 klst. Verð: 89.900
- Windows Server 2003 R2 (70-290)
Lengd: 60 st./39 klst. Verð: 89.900
- Exchange Server 2003 (70-284)
Lengd: 49 st./33 klst. Verð: 89.900
- Netw. Infrastr. Win 2003 (70-291)
Lengd: 49 st./33 klst. Verð: 89.900

.NET forritun

Visual C# .NET (+ASP) forritun

Lærdur forritun með forritunarmáli sem hefur slegið í gegn með því að sækja þetta hnitmiðaða og yfirgripsmikla nám.

Krafist er góðar tölvuþekkingar.

Lengd: 130 stundir/87 klst. Kvöldnám
Verð: 169.900 • Allt að 5 ára lán

ASP .NET vefforritun

Taktu þátt í bytlingu í vefsíðugerð og lærdur ASP .NET vefforritun. Allt sem þú þarft er grunnur í forritun og góð tölvukunnátt.

Lengd: 50 stundir/33 klst. Kvöldnám
Verð: 79.900 • Allt að 3 ára lán

Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðar tölvuþekkingar.
Lengd: 130 stundir/87 klst. Kvöldnám
Verð: 119.900 • Allt að 3 ára lán

Skrifstofunám

Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennt er meðal annars fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisauka-skatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjors og fleira.

Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! *

Lengd: 94 stundir/63 klukkust. Verð: 99.900

Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

Lengd: 200 stundir/133 klst. Verð: 159.900

Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! *

Lengd: 300 stundir/200 klst. Verð: 229.900

Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)

* Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.

Verkefnastjórnun

Hagnýtt verkefnastjórnun

Vertu betri verkefnastjóri. Lærdur grundvallaratriði góðrar verkefnastjórnunar, PRINCE2 aðferðafræðina og notkun Microsoft Project við gerð verkáætlana og stjórnun verkefna.

Lengd: 50 stundir/33 klst. Verð: 89.900

PRINCE2 verkefnastjórnun

Lærdur PRINCE2 aðferðafræðina við verkefnastjórnun, fáðu betri yfirsýn og stjórnaðu verkefnum á áðanmátt.

Lengd: 22 stundir/15 klst. Verð: 49.900

Góð byrjun

Almennt tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt þá getst þú hjálta þér með tölvunám þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

Helstu kennslugreinar:

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

Lengd: 90 stundir/60 klst. dag eða kvöld

Verð: 69.990 • Allt að 3 ára lán

Tölvuþekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvisleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

Lengd: 60 stnd./40 klst. morgun eða kvöld

Verð: 47.900 • Allt að 3 ára lán

Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

Helstu kennslugreinar:

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

Lengd: 72 stnd./48 klst. dag eða síðdeg

Verð: 59.900 • Allt að 3 ára lán

Vefsíðugerð

Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta nám er ætlað þeim sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík.

Kennd er HTML forritun og notkun Flash, DreamWeaver og Photoshop forritanna.

Lengd: 90 stundir/60 klst. 16:15-19:15
Verð: 99.900 • Allt að 5 ára lán

FrontPage 2003 og Photoshop

Allt það sem þú þarft að kunna til þess að búa til og viðhalda heimasíðu samkvæmt nútímakröfum um útlit og innihald.

Lengd: 45 stundir/30 klst. Verð: 45.900

DreamWeaver og Photoshop

Frábær samsetning af öflugum forritum og skemmtilegri kennslu gera það að verkum að vefsíðugerð verður leikur einn.

Lengd: 49 stundir/33 klst. Verð: 49.900

Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500

Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900

Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900

Fingrasetning - tölvuvelritun • 6 stundir/verð: 6.900

Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900

Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900

Access III: Fjölvör og forritun með VBA • 36 stundir/52.900

Word

Word I a: Grunnur ritvinnslu • 9 stundir/verð 10.900

Word Ib: Betri ritvinnsla • 13 stundir/verð 16.900

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500

Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900

Töflur og eyðublöð í Word • 4 stundir/verð 6.900

Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 16.900

Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 6.900

Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 22.500

Excel II: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900

Excel II: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 34.500

Excel III: Fjölvör og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900

PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900

PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

Outlook og OneNote

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • 13 st./verð 16.900

OneNote: Hugmyndavinnsla og glósur • 9 st./verð 10.900

Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

Vefsíðugerð

FrontPage 2003 vefsíðugerð • 22 stundir/verð 24.500

DreamWeaver MX vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900

Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st./verð 24.900

Myndvinnsla og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900

Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 15.900

Photosho: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 26.900

Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900

Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

FileMaker

FileMaker notendanámskeið • 18 stundir/verð 26.500

FileMaker 7.0/8.0: Forritun og notkun • 27 st./verð 54.900

Windows XP

Windows XP fyrir venjulega notendur • 9 st./verð 12.900

Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 22 stundir/verð 49.900

Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900

Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 14.900

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag **stýrja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símapijónusta** að loknu námi
- Ókeypis **fortfalltrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og förföll, innan árs
- Miðg hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leiðið nánnari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa



Niðurstöður úr nýlegri Gallupkönnun

Veruleg hækkun launa í umönnunarstörfum

Nýleg Gallup könnun staðfestir að laun í umönnunarstörfum hækkuðu verulega á síðasta ári. Er það mjög ánægjuleg niðurstaða og staðfestir að óánægjuraddir þessa hóps með kjör sín hafa loks náð eyrum launagreiðenda þeirra. En fyrri Gallup kannanir höfðu áður staðfest að umönnunarhópurinn var lang ósáttastur með sín kjör.

Meðaldagvinnulaun hafa hækkað að meðaltali um þrjátíu þúsund krónur

Í nýlegri Gallup könnun kemur í ljós að meðaldagvinnulaun fyrir fullt starf í umönnun eru 156 þúsund kr. á mánuði en í Gallup könnun frá því í mars 2005 voru meðaldagvinnulaunin 126 þúsund kr. á mánuði. Launahækkun hjá þessum hópi hefur því verið að meðaltali þrjátíu þúsund á liðlega einu ári eða 24%. Þess ber að geta að hér er átt við bæði þá sem

156 þúsund kr. á mánuði í meðaldagvinnulaun fyrir jafn erfið störf og umönnun er engin ofrausn

starfa við umönnun barna sem og aldræða og fatlaða.

Launahækkanir bundnar í kjarasamning

Þær launahækkanir sem hafa smám saman verið að skila sér í umönnunarstörfun voru fyrst bundnar með nýjum kjarasamningi við Reykjavíkurborg fyrir liðlega ári síðan, en einnig hafa þessar launahækkanir verið festar í sessi með

svokölluðum stofnanasamningum hjá umönnunarstofnunum sem tilheyra ríkisumhverfinu og hefur því öryggisnetið verið tryggt þar enn frekar.

Má gera betur

156 þúsund kr. á mánuði í meðaldagvinnulaun fyrir jafn erfið störf og umönnun er engin ofrausn enda segjast í nýjustu Gallup könnun ennþá um 56% þessa hóps vera mjög eða frekar ósátt með sín laun á meðan þetta hlutfall var 31% fyrir félagsmenn í heild sinni. Í Gallup könnun 2005 höfðu hins vegar 74% þeirra sem starfa við umönnun svarað því til að þeir væru mjög eða frekar ósáttir með sín laun sem staðfestir þann árangur sem náðst hefur við að bæta kjör þessa hóps, en ljóst er að gera má enn betur.



Góðæri er öllum í hag

Sumir rugla saman þenslu og góðæri. En góðæri er ekki vertíð og hagfræðilögmálin eru ekki algild. Við hjá SPV trúum því að samtímis sé hægt að slá á þenslu og viðhalda góðæri. Góðæri er góð tíð sem birtist meðal annars í því að almenningur geti viðhaldið verðmætum sínum og aukið við þau. Hvort sem það er heilsan, heimilið, sumarbústaðurinn, bíllinn eða tölvan og allt sem henni fylgir. Rýrnun verðmæta er engum í hag. Komdu í SPV í dag.

- Við lánum svo þú getir aukið verðmæti eigna þinna.
- Það er góð hagfræði.
- Góðæri er góð tíð. Framlengjum góðærið saman.

Komdu til okkar í SPV.



Vertu með SPV og ánægðustu viðskiptavinunum
Borgartúni 18 - Síðumúla 1 - Hraunbæ 119 - www.spv.is
Þjónustuver, sími 575 4100 - Skiptiborð, sími 575 4000

1. seti í Ánægjuvöginni sjöunda árið í röð!



Stoltar af námsferli sínum

Hálfnað verk þá hafið er

Pórunn H. Sveinbjörnsdóttir ræðir við leikskólastarfsmenn í fræðslumiðstöð Eflingar

Glæsilegur hópur kvenna sem vinnur á leikskólum borgarinnar var að ljúka annari önn af fjórum í viðurkenndu fagnámi fyrir leikskólaleiðbeinendur. Þessi hópur hóf námið í janúar á þessu ári og hefur nú lokið helmingnum.

Hópurinn átti ánægjulega samveru-

stund síðasta skólakvöldið þar sem þær fögnuðu áfanganum og slógu á léttu strengi. Á þessari önn var kennd uppeldisfræði 203, listir og skapandi starf og samtalstækni.

Næsta önn hefst svo um miðjan janúar og er kennt í hverri viku fram í seinni hluta máí.

Það er ljóst að þessir starfsmenn leikskólanna leggja mikið á sig til að verða hæfari starfsmenn og að ná enn betri tökum á störfum sínum með aukinni þekkingu.

Efling óskar þessum félagsmönnum sínum til hamingju með árangurinn.



Leikskólastarfsmenn fjölmenna í nám

Viljum læra meira og meira

Leikskólaleiðbeinendur sem hófu nám haustið 2006 luku fyrstu önninni

um miðjan desember. Það var afar ánægjulegt að sjá hvað hópurinn var

stoltur af sinni vinnu og námi. Það er mikið átak að hefja nám að nýju eftir margra ára hlé. Þetta er það sem margir starfsmenn á leikskólum eru nú að gera og er gaman að sjá hvað þessi nýju tækifæri eru að nýtast mörgum.

Mikilvægi þess að eiga tækifæri til að bæta við sig menntun hefur sannast hjá þessum starfsmönnum sem eru að sækja nám í leikskólalærunum.

Kennararnir þau Kristín og Gísli auk Helgu Bjarkar frá Mími voru með hópnum þegar þau áttu saman loka-kvöldið á önninni og ríkti mikil gleði og stolt í hópnum. Kennararnir voru stoltir af nemendunum og nemendurnir voru stoltir af sínum árangri.

Það er mikil ánægja hjá Eflingu með þá félagsmenn sem hafa nýtt sér þetta nám.

Til hamingu með það.

Trópi

- náttúrulega hreinn safi

Innihaldið í Trópi

er ekkert leyndarmál.

Við tökum einfaldlega utan
af ávöxtunum fyrir þig.



Þetta er svo gaman

-segja starfsmenn í fyrstu leikskólabrúnni



Borgarstjórinn í góðum félagsskap starfsmanna leikskólanna

Um miðjan desember lauk hópur leikskólaleiðbeinenda þriðju önn í leikskólabrúnni. Þessi námfúsi hópur hefur fundið sig mjög vel í þessu námi og virðist njóta þess mjög mikið að fá tækifæri til að læra meira. „Þetta er svo gaman“ sögðu nánast allir nemendur á síðasta námsdegnum á haustönninni. Það var líka gaman að fá borgarstjórann í heimsókn á lokadegi annarinnar.

Þetta nám er nú búið að festa sig í sessi og verður gaman að fylgjast með hópnum að námi loknu en þær ljúka náminu í maí í vor.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, borgarstjóri, kom í heimsókn til hópsins þegar þær áttu sinn síðasta námsdag á haustönninni. Glatt var á hjalla og greinilega einstaklega góð samheldni nemendanna. Það var greinilegt að borgarstjóra þótti þetta lofsvert framtak að Reykjavíkurborg og Efling-stéttarfélag standi saman að námi sem slíku í samvinnu við Mími-símenntun.

Nú er komið að loka önninni þar sem starfsmennirnir munu læra íslensku barnabókmenntir og ýmislegt varðandi fötlun, skyndihjálp og margt, margt fleira.

Þessi fyrirmyndar nemendahópur fær heitustu árnaðaróskir frá Eflingu-stéttarfélagi

Nýr starfsmaður

Anna Lís Terrazas til Eflingar

Anna Lís Terrazas hefur verið ráðin til starfa sem móttökufulltrúi á skrifstofu Eflingar. Anna Lís er 37 ára, af íslenskum og bandarískum ættum og hefur unnið ýmis störf bæði hér á landi og í Bandaríkjunum. Hún hefur m.a. unnið á vinnustöðum á samningssviði Eflingar og í verslunarstörfum.



**EKKERT FJARLÆGT!
ENGU BÆTT VIÐ!**



... eins og náttúran ætlaði!

Glæsilegur árangur í námi

Nýr hópur félagsliða útskrifast



Ánægðar með glæsilegan árangur

Það var ánægður og stoltur hópur starfsmanna sem vinnur hjá Reykjavíkurborg við heimaþjónustu og umönnun aldraðra sem lauk námi í félagsliðabrénu nú um miðjan desember. Þau hafa því hlotið starfsheitið Félagsliðar sem er góður áfangi á námsbrautinni og um leið hefur

Reykjavíkurborg fengið í lið með sér öflugri starfsmenn sem búa yfir haldgóðri menntun og reynslu á starfs sviði sínu.

Félagsliðarnir hafa stundað nám með vinnu síðastliðin tvö ár en námið var unnið sem samstarfsverkefni milli Eflingar-stéttarfélags og Reykjavíkurborgar.

Námið var fyrst kennt í Námsflokkum Reykjavíkur og eftir skipulagsbreytingar þar fluttist það til Mímis - símenntunar. Efling-stéttarfélag og þjónustusvið Reykjavíkurborgar hafa fylgst með nemendum og náminu allan tímann. Margir kennarar hafa komið að þessu verkefni og er þeim sérstaklega þakkað fyrir þeirra framlag.

Það er mikilvægt fyrir stórt sveitafélag eins og Reykjavíkurborg að geta unnið með stéttarfélagi félagsliðanemanna að þróun náms og þar með þróun starfs sem mun gerast í framhaldinu þar sem mjög mikil vöntun er fyrir fjölbreyttari úrræði og þjónustu fyrir aldraða og fatlaða sem þurfa á þjónustunni að halda.

Íslenskt samfélag er þannig að fólk vill búa sem lengst heima þegar það eldist og til þess að það sé hægt þarf að vera hægt að bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu fyrir eldra fólk.

Nýr hópur félagsliða mun geta unnið fjölbreyttari störf eftir námið sem hefur byggt þau upp sem einstaklinga og starfsmenn.

Menntun fyrir atvinnulífið

Mikil aðsókn í jarðlagnatækni

Viðbrögð við auglýsingu um jarðlagnatækninám létu ekki á sér standa. Í desember var auglýst að nýr hópur gæti hafið nám í jarðlagnatækni. Auglýsing var send á fjölda vinnustaða og kynning á náminu var í félagsblaði Eflingar-stéttarfélags. Einnig var auglýst í blöðum milli jóla og nýárs. Nú þegar er fullskipaður hópur innritaður í námið eða um 20 nemendur sem hefja námið þann 8. janúar n.k. Kennt er í þremur tveggja vikna lotum fram í

marsmánuð.

Þessi menntun er gott dæmi um nýja menntun sem atvinnulífið þurfti á að halda og er nú árlega stór hópur manna sem sækir sér þessi réttindi sem eru mjög mikilvæg fyrir menn sem vinna við allar lagnir í jarðvegs-vinnu.

Nú spyrja atvinnurekendur oft um þessi réttindi og eiga þeir auðveldara að fá störf sem hafa menntun jarðlagnatækna að baki.



Lilja Eiríksdóttir er ánægð með félagsliðabréna

Sumir eru góðir vinir mínir

- segir Lilja Eiríksdóttir

Lilja Eiríksdóttir, vinnur við heimaþjónustu hjá Þjónustumiðstöðinni í Hvassaleiti og var í hópi útskriftarnemenda félagsliða. Hún hefur unnið í heimaþjónustunni í átta ár og starfið er bæði gefandi og skemmtilegt að hennar sögn. Ég er með nokk-

ur heimili sem ég hef þjónustað frá upphafi og sumir sem ég vinn fyrir eru góðir vinir mínir. Stundum byrja ég vinnudaginn á því að fá mér kaffi með heimilisfólkinu og við spjöllum saman í stutta stund. Svo er mér oft boðið að borða í hádeginu og sumir

vilja að ég taki með mér nesti þegar ég yfirgef vinnustaðinn, segir hún.

Aðspurð segir hún að námið hafi verið frábært og kennarar og nemendur hafi staðið sig mjög vel. Ég sótti um að komast í fyrsta hópinn sem byrjaði í félagsliðabrénni fyrir fjórum árum. En komst ekki inn. Svo sótti ég aftur um fyrir tveimur árum og komst í hópinn sem byrjaði í skólanum í janúar 2004. Við vorum 26 í upphafi en 23 nemendur voru útskrifaðir og þar af einn karl.

Lilja segir að hún hafi stundum furðað sig á því hversu vel námið gekk hjá sér. En sennilega hefur það hjálpað mér að ég hef verið dugleg að sækja námskeið sem félagið hefur boðið uppá, segir hún.

Mikill tími fer í heimanám á kvöldin og því hafi áhugamálin þurft að sitja á hakanum meðan á náminu hefur staðið.

Lilja segir að útskriftarathöfnin í Ráðhúsinu hafi verið hátíðleg og notaleg tilfinning hafi gripið sig þegar hún tók við prófskrírteininu sínu.

En þessu er ekki alveg lokið því að 14 nemendur eru að fara í útskriftarferð til Kaupmannahafnar um miðjan febrúar og ég er í þeim hópi og hlakka mikið til, sagði Lilja að lokum.

Stjórnvöld leggja meira fé til fræðslu

Enn fleiri menntunartækifæri



Við endurskoðun kjarasamninga í nóvember 2005 og í júní 2006 var samið sérstaklega um að setja aukið fjármagn í fræðslumálin. Í yfirlýsingu stjórnvalda frá síðastliðnu sumri kom fram að framlög til fullorðinsfræðslu

og starfsmenntamála verði aukin um 120 milljónir á ári og kemur hækkunin til framkvæmda á þessu ári. Þetta þýðir enn fleiri menntunarkosti og aukið fé til stuðnings við menntun sem Efling hefur boðið upp á.

Fjármunirnir eru ætlaðir til námskeiðahalds og endurmenntunar einstaklinga á vinnumarkaði, til eflingar náms og starfsráðgjafar og raunfærnimats og til eflingar símenntunarmiðstöðvar ASÍ á höfuðborgarsvæðinu með sambærilegum hætti og á landsbyggðinni.

Það er því verk að vinna og mikilvægt að stéttarfélög og fræðsluaðilar vinni markvisst að uppbyggingu fræðslu og menntunarleiða fyrir félagsmenn innan ASÍ.

Hjá Eflingu-stéttarfélagi verður unnið að nýjum námstækifærum og væntanlega kynntar nýjar námsleiðir fyrir einstaka starfssvið á næstu vikum.

Mikil vinna liggur á bak við hvert nýtt námstækifæri þar sem kanna verður þarfir vinnustaðar og starfsmanna áður en hafist er handa við námið sjálft. Í slíkri vinnu sameinast aðilar vinnumarkaðarins um að þróa og vinna að nýjum námsleiðum öllum til hagsbóta.



Ingibjörg Stefánsdóttir afhendir viðurkenningarskjölin

Ánægðir nemendur útskrifaðir

Landnemaskólinn gefur tækifæri

Rétt fyrir jólin var útskrifaður hópur nemenda úr Landnemaskólanum en fram kom að þeir voru mjög ánægðir með það nám sem þeir höfðu stundað undanfarna mánuði í skólanum. Skólinn er ætlaður útlendingum sem hafa verið um tíma starfandi á vinnumarkaði en vilja ná betri tökum á íslensku og öðrum grunnnámsgreinum, en einnig er um fræðslu um íslenskt sam-

félag að ræða. Boðið er upp á þetta nám árlega á vegum Mímis Símenntunar í samstarfi við Eflingu.

Þetta er í áttunda sinn sem Landnemaskólinn starfar í samstarfi við Eflingu. Það hefur komið í ljós að þeir nemendur sem fara í Landnemaskólann eiga mun auðveldara með að ná tökum á íslensku og um leið og fólk nær betri tökum á málinu leiðir það oft til betri

samskipta á vinnustað og í einkalífi.

Í Landnemaskólanum er einnig veitt fræðsla um samfélagið og farið í heimsóknir á vinnustaði og menningarstofnanir. Nemendurnir sögðu að það væri mjög gaman að fá að vita meira um íslenskt samfélag, sögu og menningu þess.



Jólaballið

Góðar hefðir bæta og styrkja samfélagið

Jólaball Eflingar 2006 var haldið í Lídó fimmtudaginn 28. desember. Aðsókn var góð, veitingar rausnarlegar og vel fram bornar og skemmtunin fór að öllu leyti vel fram. Hljómsveitin var fín og leiddi börnin með sér í leik og söng.

Fjölmennt var á ballinu og nokkuð víst að við hittumst aftur á sama stað að ári.

Jólaball Eflingar er ein af þeim góðu hefðum sem einkenna félagið. Það er haldið milli jóla og nýárs og ekkert er til sparað í veitingum og skemmtun.

Síðastliðin fjögur ár hefur ballið verið haldið að Hallveigarstíg 1 þar sem áður hét Versalir en nú hafa orðið eigendaskipti að rekstrinum á salarkynnum og heitir nú Lídó. Gamalkunnugt nafn og vel þekkt í Reykjavík.



JÁ, NÚ ER ÞAÐ GRÓFT!



Holl og góð trefjarík brauð í dagsins önn

Til kornvöru teljast hafrar, rúgur, hveiti, bygg, hrísgrjón og maís, ásamt afurðum úr þessum vörum, svo sem brauð, grautar, pasta og morgunkorn. Mest er af vítamínum, steinefnum og trefjaefnum í hýði og kími. Þess vegna er mikilvægt að neyta kornvöru sem inniheldur alla hluta kornsins. Stundum er heilt og ómalað korn notað sem hráefni í brauð, en oftast er þó notað malað heilkorn, sem inniheldur ennþá öll næringarefni kornsins.

Þú færð allt holla og góða - grófa brauðið hjá okkur!



Dalvegi 4 • Sími 564 4700 Hamraborg 14 • Sími 554 4200

Opið: Mánud.-föstud. 06:00 - 18:00 Opið: Mánud.-laugard. 08:00 - 18:00
Laug. 06:00 - 17:00 Sunn. 07:00-17:00 Laug. 08:00-16:00 Sunn. 09:00-16:00



Þúsundir fengu vaxtabætur í desember

Árangur sem skiptir máli

- segir Atli Gíslason, lögmaður Eflingar



Atli Gíslason

Í desembermánuði sl. fengu um fimmtán þúsund einstaklingar leiðréttar vaxtabætur frá ríkinu. Leiðrétt-

ingin á rætur að rekja til skattframtala hjá Eflingu-stéttarfélagi en við vinnu er tengdist framtölum hjá félaginu

kom í ljós að fjölmargir framteljendur í félaginu myndu fá minni eða engar vaxtabætur vegna hækkunar fasteignamats um áramótin þar á undan. Atli Gíslason, lögmaður Eflingar, tók málið síðan upp á þingi og ríkisstjórnin hét því við framlengingu kjarasamninga í sumar að endurskoða vaxtabæturnar ef við álagningu kæmi í ljós að marktak skerðing hefði orðið á bótunum.

Auðvitað erum við ekki sátt við þessa niðurstöðu, segir Atli Gíslason, en þetta er samt árangur sem skiptir máli. Þetta sýnir auðvitað hvað það er nauðsynlegt að sýna stjórnvöldum aðhald því hækkun fasteignamatsins var ekki annað en tölur á pappír fyrir fólk sem hafði gert sínar áætlanir þar sem vaxtabætur voru hluti af fjármögnunardæmi íbúðarakaupa.

Alls voru greiddar út um 577 milljónir króna til 15000 framteljenda og var upphæðin allt frá fimm þúsund og upp í 80 þúsund kr. á hvern framteljenda. Þær miðast við nettóeign upp á 4.8 milljónir hjá einstaklingi og um 8 milljónir hjá hjónum.

Það þarf auðvitað ekki að taka það fram að við hefðum viljað að stjórnvöld skiluðu öllum sem fengu skerðingu á bótunum sínum hlut en því miður tókst ekki að knýja það fram. Þetta veldur því að grunnurinn að vaxtabótakerfinu skekkist að þessu marki til framtíðar, en mér finnst skipta miklu máli að hafa náð þessum árangri, segir Atli.



HANDVERKSNÁMSKEIÐ

Baldýring – Eldsmíði – Hekl – Jurtalitun
Leðurvinna – Lopapeysuprjón – Myndvefnaður
Orkering – Prjón: handstúkur og íleppar,
sjöl, hyrnur og dúkar – Sauðskinnsskór
Skartgripa- og Keðjugerð
Skyrtu- og svuntusaumur – Spjaldvefnaður
Tálgun – Tóvinna – Vefnaður- Vattarsaumur
Víravirki – Útsaumur – Þjóðbúningasaumur

HEIMILISIDNADARSKÓLINN

Laufásvegji 2, 101 Reykjavík
Uppl. og skráning mánud. til föstud. 12.00-16.00
Símar: 551-7800 – 895 0780 Fax 551-5532
hfi@heimilisidnadur.is www.heimilisidnadur.is



Engar vaxtabætur í ágúst - 132.000 kr. í desember

Þakka stjórnarandstöðu og verkalyðshreyfingunni

- segir Tryggvi Marteinsson

Nú er leiðréttingin komin frá fjármálaráðherra eins og samið var um í

samkomulagi ASÍ og ríkisstjórnarinnar. Þetta þýddi fyrir mig að í ágúst fékk ég

engar vaxtabætur en þær voru á árinu 2005 um 160 þúsund krónur og flesta munar nú um minna, segir Tryggvi Marteinsson, starfsmaður hjá Eflingu. Hann var einn af þeim sem hefði engar vaxtabætur fengið ef ekki hefði komið til leiðrétting fjármálaráðuneytis nú skömmu fyrir árslok. Í desember fékk Tryggvi leiðréttingu eða kr. 132.000.- í vaxtabætur.

Fjármálaráðherra stóð náttúrulega ekki við sinn hluta samkomulagsins frekar en við var að búast og hugsa nú þúsundir manna honum þegjandi þörfina, segir Tryggvi. Það er ófyrirgefanlegt að í einu mesta góðæri Íslandssögunnar og þegar ríkissjóður er að springa af velmegun þá er það ein helsta dægrastytting fjármálaráðherra að ná peningum af vinnandi fólki. Hann er að mínu viti ekki að standa við samkomulagið sem hann gerði við ASÍ þar sem fjöldi manns er að fá minna en fyrri útreikningsreglur gáfu og síðan er hópur sem ekki er að fá neitt.

Sú leiðrétting sem tókst að ná fram er eingöngu að þakka stjórnarandstöðunni á Alþingi og verkalyðshreyfingunni, seg-



Þekktu rétt pinn til símenntunar

Hjá Endurmenntun eru fjölbreytt námskeið í boði, nám samhliða starfi og á meistarastigi. Skemmtilegt nám við allra hæfi með frábærum kennurum.

Styrktu stöðu þína á vinnumarkaði – kynntu þér Endurmenntun Háskóla Íslands.

**ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS**

endurmenntun.is sími 525 4444



Leikskólabrú í Fræðslusetri Eflingar

Er um í skýjunum

- segir Guðrún Ástþórsdóttir

Guðrún Ástþórsdóttir og Kristófer Máni Svansson þriggja ára leika sér í rólu.

Guðrún Ástþórsdóttir er leiðbeinandi á Leikskólanum Hulduhólum í Grafarvogi og hefur unnið á leikskólum í níu ár. Guðrún segir að samstarfskona sín sem er í 45 plús hópnum í Leikskólabrúnni hafi hvatt sig til þess að fara í skólann. Núna er liðið ár frá því að hún byrjaði í skólanum ásamt tveimur samstarfsskonum sínum og þær séu í skýjunum yfir að hafa tekið þessa ákvörðun. Á fyrstu önninni unnum við mikið að verkefnunum sem einstaklingar. En á þessari önn hafa hópverkefni verið allsráðandi og það hefur gefið mér meira sjálfstraust í vinnunni, segir hún.

Guðrún segir að hópurinn hittist líka utan skólans og mjög góð vinátta hafi tekist með nemendum og hún hafi lært mikið af þeim. Aðspurð segir hún að námsefnið sé fjölbreytt og fjalli m.a.

um uppeldisfræði, félagsfræði, leiklist, myndlist og tónlist. Mér finnst leiklistin skemmtilegust, segir hún. Annars finnst mér allar námsgreinarnar skemmtilegar og við höfum frábæra kennara, segir hún.

Þegar Guðrún er spurð um frekara


nám, segist hún ætla að klára þetta nám fyrst. Svo verði framhaldið bara að koma í ljós. Það er allavega á hreinu að mig vantar ekki sjálfstraust til þess að halda áfram í námi, sagði Guðrún að lokum.

Yngri fólkið fær tilboð á leiksýningu

Borgarleikhúsmiði hittir í mark

Nú í janúar verða send út ný tilboðskort til yngri félagsmanna í Eflingustéttarfélagi. Árlega eru send út kort til félagsmanna en hópnum er skipt niður fyrir og eftir áramót. Ljóst er að félagsmenn eru að nýta sér þessi tilboð í auknum mæli virðast þau því hitta vel í mark hjá mögum fjölskyldum.

Það var einmitt með þetta í huga sem Efling-stéttarfélag hóf samstarfið við Borgarleikhúsið sem nú hefur staðið í nokkur ár. Vonandi nota sem flestir kortið sitt á vorönn og skelli sér í leikhús eitt kvöld til að njóta þess sem þar er í boði.



GILDI
lífeyrissjóður

Vel mótuð fjárfestingarstefna Framúrskarandi ávöxtun

Gildi valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi tvö ár í röð

Gildi-lífeyrissjóður var valinn besti lífeyrissjóðurinn á Íslandi árið 2006 af tímaritinu Investment & Pensions Europe (IPE). Sjóðurinn hlaut einnig þessi verðlaun fyrir árið 2005.

Verðlaun þessi hafa verið veitt undanfarin 6 ár í Evrópu, en Ísland hefur verið með sl. 2 ár. Bláðið verðlaunarfyrir lífeyrissjóði sem þykja skara framúr í sínu heimalandi og í Evrópu.

Í umsögn IPE kemur m.a. fram að verðlaunin séu veitt fyrir framúrskarandi ávöxtun sem byggir á vel mótaðri fjárfestingarstefnu og réttu vali á eignaflokkum þar sem áhætta er vel skilgreind.

Gildi-lífeyrissjóður er með 22.000 virka sjóðfélaga og samtals eiga rúmlega 160.000 einstaklingar réttindi í sjóðnum.

Gildi-lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins. Eignir sjóðsins nema rúmlega 200 milljörðum króna.

Gildi-lífeyrissjóður hækkaði áunnin réttindi sjóðfélaga um 10,5 milljarða króna á síðasta ári.



Úrklippa úr tímaritinu
Investment & Pensions Europe (IPE)



Gildi - lífeyrissjóður
Sætúni 1
105 Reykjavík
Sími 515 4700
www.gildi.is
gildi@gildi.is



UMSÓKN OG SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAÐ Í SÉREIGNARSJÓÐI GILDIS

Ég undirrituð/aður sækir hér með um aðild að Séreignarsjóði Gildis og óska eftir samningi um séreignarsparnað í samræmi við skilmála á bakhlíð umsóknareyðublaðs þessa sem ég sætti mig við að öllu leyti. Með undirritun minni á umsókn þessa og staðfestingu Séreignarsjóðs Gildis telst vera kominn á samningur milli mín sem réttihafa og Séreignarsjóðs Gildis sem vörsluaðila í samræmi við skilmála samningsins.

Umsækjandi (réttihafi):

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirrituð/aður skuldbind mig til að _____ % af heildarlaunum mínum verði greidd mánaðarlega til Séreignarsjóðs Gildis inn á séreignarreikning minn hjá sjóðnum.

Iðgjald sem nemur að hámarki 4% af iðgjaldastofni er undanþegið tekjuskatti. Skrifu umsækjandi ekki inn neina % í þennan reit er litið svo á að hann óski eftir því að greiða 4%.

Umsækjanda er heimilt að greiða ákveðna krónutölu mánaðarlega til séreignarsparnaðar í stað ákveðinnar % tölu af heildarlaunum Ef sú leið er valin skal tilgreina þá upphæð hér _____ kr.

Ég óska eftir því að launagreiðandi minn haldi eftir af launum mínum við hverja útborgun og skili til Séreignarsjóðs Gildis í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Launagreiðandi:

Nafn	Kennitala
Heimili	Póstnúmer

Ég undirritaður óska eftir því að séreignarsparnaður minn verði ávaxtaður í:

- ☐ **Framtíðarsýn 1**
Skuldabréf 65%
Hlutabréf 35%
- ☐ **Framtíðarsýn 2**
Skuldabréf 80%
Hlutabréf 20%
- ☐ **Framtíðarsýn 3**
Bundinn
innlánsreikningur

Réttihafi getur flutt sparnað sinn milli safna með skriflegri beiðni þar um.

Samningur þessi er gerður samkvæmt heimildum í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og samkvæmt samþykktum Gildis - lífeyrissjóðs.

Undirskrift umsækjanda

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Staðfesting Séreignarsjóðs Gildis

Staður og dagsetning

Undirskrift vottar og kennitala

Vinsamlega sendu samninginn undirritaðan til Séreignarsjóðs Gildis, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Sjóðurinn mun senda þér staðfest ljósrít af samningnum og tilkynna launagreiðanda um hann.



Kjör og réttindi fatlaðra starfsmanna

Tímamótasamningur!

Sigurður Bessason, formaður Eflingar th, Harpa Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjaramála hjá Eflingu, Þorsteinn Jóhannsson, framkvæmdastjóri vinnustaða ÖBÍ og Kristján Valdimarsson, framkvæmdastjóri Örva skrifuðu undir samninginn.

Efling-stéttarfélag hefur gengið frá samningum sem eiga að gilda fyrir fatlaða á um tíu vinnustöðum á höfudborgarsvæðinu.

Samsvarandi samningar hafa verið gerðir á Akureyri og Akranesi en þarna er verið að festa í sessi yfirlýsingu frá maí á síðasta ári sem að gerð var milli Alþýðusambands Íslands og Hlutverks -

samtaka um vinnu og verkþjálfun - um kjör og réttindi fatlaðra starfsmanna á vinnustöðum fatlaðra.

Samningur þessi mun taka gildi frá og með áramótum og gengu forsvarsmenn Eflingar formlega gengið frá undirskrift við tvo af þessum vinnustöðum, þ.e. vinnustaði ÖBÍ og Örva.

Efling-stéttarfélag býður þá starfs-

menn sem samningurinn nær til velkomna í félagið!

Sjúkrasjóður

Ýmsar upplýsingar

80 milljóna hækkun við tekjutingingu

Greiðsla dagpeninga og styrkja úr sjúkrasjóði Eflingar hafa hækkað um nær 80 milljónir króna eftir að tekjutinging dagpeninga var tekin upp frá 1. júní 2005.

Meðalgreiðsla tvöfaldast

Meðalgreiðsla dagpeninga sjóðfélaga á almennum markaði sem fékk greidda dagpeninga í mánuð eða lengur var fyrir breytinguna kr. 239.442.- en er nú kr. 474.520.- sem er nær tvöföldun miðað við fyrri bótagreiðslur.

Karlar á aldrinum 36 til 45 ára fá hlutfallslega hæstu greiðslur eða kr.

684 þúsund til jafnaðar hver, en konur á aldrinum 17 til 25 ára minnst eða kr. 281 þúsund.- til jafnaðar hver, enda mest um skólafólk í hlutastarfi að ræða í þessum aldurshópi. Konur á aldrinum 46-55 ára fá hæstar greiðslur kvenna eða um kr. 575 þúsund hver til jafnaðar. Fjölmennasti hópurinn er á aldrinum 26 til 35 ára en meðalaldur er um 38 ár.

Karlar eru 47% þeirra sem fá dagpeninga en fá hinsvegar næstum 56% greiðslna. Þeir fá jafnframt lengur greitt þar sem þeir eru lengur veikir en konurnar eða sem svarar tæpum fimm dögum.

Erlendir ríkisborgarar eru 21% þeirra sem fá dagpeninga.



Efling-stéttarfélag

Ný sjónvarpsauglýsing í loftið

Nú er ný sjónvarpsauglýsing í loka-vinnslu fyrir Eflingu-stéttarfélag en nokkur ár eru síðan síðast var gert kynningarefni fyrir félagið í sjónvarpi og prentmiðlum. Um er að ræða stutta auglýsingamynd, en einnig verður til myndefni til notkunar í prentmiðlum. Það er Auglýsingastofan 12&3 sem hafa unnið að undirbúningi með kvikmyndafyrirtækinu SPARK ehf sem hefur séð um handrit og kvikmyndagerð.

Sífelld meiri þörf fyrir fræðslu

Fræðsla fyrir eldhús og mótuneyti

Þeir starfsmenn sem sótt hafa fagnámskeið fyrir starfsmenn eldhúsa og mótuneyta á undanförunum misserum eru mjög ánægðir með að hafa fengið tækifæri til að sækja þessa námsleið.

Þessi fagnámskeið eru nú að hefjast á vorönn 2007 en þá verða fagnámskeið II og fagnámskeið III í boði. Námskeiðin eru kennd í Menntaskólanum í Kópavogi hjá símenntunarmiðstöðinni Sæmundi Fróða.

Mikilvægi menntunar fyrir starfsfólk eldhúsa og mótuneyta er sífelld að aukast með auknum kröfum sem gerðar eru til framreiðslu og öryggissjónarmiða varðandi matvæli.

Þeir starfsmenn sem vilja kynna sér þessa námsleið frekar vinsamlegast hafið samband við Eflingu-stéttarfélag eða Guðlaugu Ragnarsdóttur hjá Sæmundi Fróða.

Innritun stendur yfir hjá Eflingu-stéttarfélagi í síma 5107500.



Leikskólabró hjá Mími-símenntun

Æðislega gaman

-segir Dagbjört Ólafsdóttir

Dagbjört Ólafsdóttir hefur verið leiðbeinandi á Leikskólanum Ásborg í sjö ár. Hún segist hafa hugsað sér að vinna áfram á leikskóla og nám í leikskólabrónni eigi eftir að styrkja sig í starfi. Við erum að klára þriðju önn og þetta er búið að vera æðislega gaman, segir hún. Það er bæði frábærum kennurum og yndislegum samnemendum að þakka.

Það eru um þrjátíu nemendur í hópnum og helstu greinar eru uppeldisfræði, sálfræði, þroski og hreyfing og myndmennt og tjáning.

Hún var sjálf ánægð með hvað sjálfs-traustið lagaðist þegar hún byrjaði í skólanum. Samhliða fékk hún aukið áræði við að koma á framfæri hugmyndum að nýjum verkefnum og allt gaf þetta náminu aukið vægi.

Þá hittust nemendur, kennarar og fleiri góðir gestir í kveðjukaffi. Meðal gesta var Vilhjálmur borgarstjóri og það var frábært að fá hann í heimsókn, segir hún. Það verður líka gott að komast í jólafrí. Þegar skólinn hefst aftur um miðjan janúar verður gaman að hitta stelpurnar aftur, sagði Dagbjört og brosti.

Aldrei of seint

að ganga menntavegin

Lærðu meira í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku

Ertu eldri en 16 ára? Viltu læra meira?

Námsflokkar Reykjavíkur bjóða upp á kennslu í námstækni og nám fyrir þá sem vilja læra meira í stærðfræði, íslensku, ensku og dönsku. Námsfnið jafngildir 8.-10. bekk í grunnskóla. Námið hentar fólki á öllum aldri, t.d. þeim sem vilja undirbúa sig undir framhaldsskóla eða foreldrum sem vilja hjálpa börnum sínum við heimanámið.

Þrjú þrep

Í upphafi náms fær nemandi aðstoð við að meta stöðu sína í námsgreininni, en kennt er á þremur þrepum. Námið tekur mið af kunnáttu og þörfum hvers og eins og allir læra á sínum hraða. Hægt er að skrá sig í eina námsgrein eða fleiri. Engin próf eru tekin, nema þess sé óskað.

Opin stundaskrá

Kennt er á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum í húsnæði Námsflokka Pönglabakka 4 (fyrir ofan strætóskylið í Mjóddinni).

Þriðjudagur – Enska og stærðfræði milli kl. 17:20-21:00

Fimmtudagur – Íslenska og danska milli kl. 17:20 -21:00.

Einnig er kennd námstækni.

Skráning í síma 567 7050

www.namsflokkar.is

Námsflokkar Reykjavíkur

Páskaúthlutun orlofshúsa Eflingar 2007

Tekið við umsóknum til 2. mars



Tekið verður við umsóknum um orlofshús til 2. mars n.k. Umsóknareyðublað og upplýsingar um húsin liggja frammi á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1, 105

Reykjavík og á heimasíðu félagsins www.efling.is. Hægt er að fá eyðublað sent á faxi og með pósti.

Landssvæði	Fjöldi húsa	Verð	Punktafrádrag
Úthlið - með potti	3	17.000 kr.	48
Flúðir - með potti	1	17.000 kr.	60
Ölfusborgir - með potti	10	17.000 kr.	60
Kirkjubæjarklaustur	3	15.000 kr.	48
Svignaskarð - stór m/potti	6	17.000 kr.	60
Svignaskarð - stærra m/potti	1	20.000 kr.	60
Svignarskarð - lítil m/potti	6	15.000 kr.	48
Svignaskarð - SKARÐ m/potti	1	25.000 kr.	60
Skorradalur - Hvammur	1	25.000 kr.	60
Húsafell - með potti	3	17.000 kr.	60
Akureyri	5	17.000 kr.	48
Kaupmannahöfn	3	36.000 kr.	60

Úthlutun mun liggja fyrir 7. mars og greiðslufrestur hjá þeim sem fá úthlutað er til 15. mars n.k. Frá og með 21. mars er hægt að athuga hvort eitthvað hafi fallið út.

Húsin verða leigð í viku frá 4. apríl – 11. apríl n.k. Úthlutað er eftir punktakerfi sem byggist á iðgjaldasögu

félagsmanna síðustu 12 ár. Hægt er að senda okkur tölvupóst á netfangið efling@efling.is og þarf þá að koma fram nafn, kennitala og hvaða hús er sótt um sem fyrsta valkost, annan valkost og allt að sex valmöguleika.

Ekki verður tekið á móti umsóknum símleiðis



Svignaskarð

Leigutími: Allt árið

Sex hús með potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir fimm manns.



Svignaskarð

Leigutími: Allt árið

Sex hús með potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta manns.



Svignaskarð stærra hús

Leigutími: Allt árið

1 hús með potti. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, setu- og borðstofa. Eldhús m/uppþvottavél og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta manns.



Skarð, Svignaskarði

Leigutími: Allt árið

Nýuppgert einbýlishús með glæsilegasta móti. Fimm svefnherbergi, tvö baðherbergi, stofa, sjónvarpskrókur, borðstofa og eldhús m/uppþvottavél. Stór verönd með heitum potti. Alls geta 10 gisti í rúmum og fjórir á dýnum auk þess sem barnarúm er á staðnum.



Hvammur í Skorradal

Leigutími: Allt árið

Stærsta hús félagsins um 160 fermetrar með sex svefnherbergjum með vaski, eldhús með frystiskápi, tvö baðherbergi, stofa og borðstofa. Alls geta gisti þar níu manns í rúmum og fjórir á dýnum auk barnarúma. Sængur eru fyrir tólf.



Húsafell

Leigutími: Allt árið

Þrjú hús með heitum potti. Í húsunum eru tvö svefnherbergi, stofa eldhúskrókur og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir sex til sjö manns.



Íbúðir á Akureyri

Leigutími: Allt árið

Fimm íbúðir eru á Akureyri. Í íbúðunum eru tvö svefnherbergi, stofa, eldhús með borðkrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss er fyrir fimm til sjö. Aukadýnur fylgja. Sængur eru fyrir fimm til sjö manns.



Kirkjubæjarklaustur

Leigutími: Allt árið

Þrjú orlofshús. Í tveimur húsanna eru þrjú svefnherbergi en í einu eru tvö svefnherbergi auk svefnlofts, stofu, borðstofu með eldhúskrök og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns og sængur fyrir jafnmarga.



Flúðir Ásabyggð

Leigutími: Allt árið

Eitt hús með heitum potti. Húsið er með tveimur svefnherbergjum, svefnlofti, eldhúsi með borðkrök, stofu og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta.



Úthlíð

Leigutími: Allt árið

Þrjú orlofshús með heitum potti. Svefnpláss er fyrir fimm í tveimur svefnherbergjum auk svefnlofts með dýnum fyrir fjóra til sex til viðbótar. Sængur eru fyrir 10 manns.



Ölfusborgir

Leigutími: Allt árið

Vetrarleiga: Leigt frá þjónustumiðstöð, s: 483 - 4260, opið mán., þri. og fim. 12:30 - 16.00 og fös. 14.00 - 21.00.

Tíu orlofshús með heitum potti. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa með eldhúskrök og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða og sængur er fyrir sex manns.

Ekki verður tekið á móti umsóknum símleiðis

Námskeið á vorönn 2007

Fyrstu námskeið hefst 17. janúar

TUNGUMÁL

LISTIR OG MENNING

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

GAGN OG GAMAN

Gjafabréf



Vinnustaðaheimsókn í Múlabæ

Alltaf jafn skemmtilegt í vinnunni

- segir Gróa Halldórsdóttir

Gróa Halldórsdóttir í leikfimiherberginu

Við erum í heimsókn hjá félagsmönnum Eflingar sem vinna á dagvistun fyrir aldraða og öryrkja í Múlabæ að Ármúla 34. Múlabær hóf starfsemi 6. janúar árið 1983 og í byrjun var um að ræða dagvistun á félagslegum grunni. Í árunna rás hefur sú breyting orðið þar á að þeir sem nýta þjónustuna eru í mörgum tilvikum fólk sem heldur sjálfstætt heimili. En sökum fötlunar eða skertrar hreyfifærni geta þeir ekki komist ferða sinna á eigin spýtur eða nýtt sér almenningsfarartæki.

Í matsalnum hittum við Gróu Halldórsdóttur. Hún segir okkur að starfsmenn sem eru félagsmenn í Eflingu taki þátt í flestum störfum sem til falli á Múlabæ. Við aðstoðum við böðun og heita bakstra. Svo stýrum við leikfimi og sjáum um félagsstarfið og blaðalestur og aðstoðum í eldhúsinu. Gróa hefur starfað í Múlabæ í fimm ár. Það er alltaf jafn skemmtilegt í vinnunni, segir hún.

Hingað koma um það bil 45 manns í dagvistun á hverjum degi fimm daga í viku og þau ráða því hvort að þau fara í leikfimi, hlusti á blöðin lesin eða fari á vinnustofuna.

Svo byrjar félagsstarfið eftir hádegi og þá er oft meira um að vera hjá okkur,

segir hún.

Gróa segir að það sé líka boðið uppá þjónustu fóttaðgerðarfræðings, nuddara sem kemur þrjá morgna í viku og hárgreiddslu.

Nú kemur hreyfing á fólkið í setustofunni fyrir framan matsalinn og þegar

Gróa er spurð um ástæðuna, segir hún að blaðalesturinn sé að byrja úti á yfirbyggðum svölum og sá sem les velji úr greinum og fréttum. Í lokin er svo farið yfir stjórnsúspána. En við lesum helst ekki greinar um stjórnmál og alls ekki stríðsfréttir, sagði Gróa að lokum.



Fólkið sem var á vinnustofunni gaf sér tíma til þess að líta upp þegar ljósmyndarinn kom til þess að taka mynd



Bryndís H. Guðmundsdóttir

Mjög gefandi starf

Bryndís H. Guðmundsdóttir aðstoðar vinkonu sína með málverkið sem hún var að mála.

Bryndís H. Guðmundsdóttir er leiðbeinandi á vinnustofunni og hefur unnið á Múlabæ í fimm ár. Hún segir að tveir leiðbeinendur sjái um að kenna fólkinu í dagvistuninni að föndra, mála, keramik, saumaskap og ýmislegt fleira sem þær finna uppá.

Þátttakan er yfirleitt góð og stundum eru um 20 manns að vinna hjá þeim á sama tíma. Við reynum að velja verkefni sem hæfir hverjum einstaklingi og þau hafa sýnt mikinn dugnað í því sem þau taka sér fyrir hendur, segir hún.

Bryndís segir að starfið sé mjög gefandi og sérstaklega vegna þess að starfsmennirnir ná mjög góðu sambandi við dagvistunarfólkið. Fólkið er ánæggt með það sem Múlabær hefur uppá að bjóða, segir hún. Aðspurð segir Bryndís að þó að launin hafi hækkað sl. haust, verði samningsaðilar að gera betur vegna þess að þau dugi ekki til þess að gera umönnunarstarfið eftirsótt.

Fram kemur hjá Bryndísi að starfsmennirnir hittist oft utan vinnutíma. Við erum með starfsmannafélag sem sér um að halda árshátíð, myndakvöld og fleiri uppákomur. Svo er farið í óvissuferðir á sumrin og þær hafa alltaf heppnast vel, sagði Bryndís um leið og hún hvarf á braut til þess að aðstoða vinkonu sína sem var að mála landslagsmynd.

Er öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður á þínum vinnustað?

Þar sem vinna 10 manns eða fleiri skulu vera öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður. Þeir eiga að stuðla að heilsusamlegu og öruggu vinnuumhverfi.

Vinnueftirlitið heldur reglulega námskeið um vinnuvernd fyrir öryggistrúnaðarmenn og öryggisverði. Námskeiðin standa yfir í tvo daga frá kl. 9:00 til 15:30. Námskeiðsgjald greiðist af atvinnurekanda.

Næstu námskeið í Reykjavík verða haldin

- 10. – 11. janúar
- 7. – 8. febrúar
- 7. – 8. mars
- 27. – 28. mars
- 25. – 26. apríl
- 23. – 24. maí

Skráning á námskeiðin er í síma 550 4600 eða á netfangið ingibjorg@ver.is. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu Vinnueftirlitsins - www.vinnueftirlit.is.



Misvísandi, rangar eða jafnvel engar upplýsingar

- segir Fjóla Jónsdóttir

Það er allur gangur á því hvernig staðið er að réttindum og starfskjörum Pólverja sem hér starfa. Á fundum sem Efling - stéttarfélag hefur haldið með pólskum félagsmönnum í haust hefur komið í ljós að á flestum vinnustöðum eru hlutirnir í góðum farvegi en jafnframt verðum við á fundunum vör við mikla óánægju og jafnvel reiði yfir því hvernig opinberar stofnanir standa að upplýsingum og skráningu útlendinga á Íslandi, segir Fjóla Jónsdóttir sem hefur í haust skipulagt nokkra fundi með Pólverjum til að veita þeim upplýsingar og aðstoða þá í ýmsum málum sem þeir eiga við að glíma á vinnustöðum sínum hér.

Hún nefndi sem dæmi að nokkrir Pólverjar hefðu verið hér við störf síðan 2005. Þeir sóttu um evrópska sjúkra-tryggingarkortið þar sem þeir voru á leið í jólafrí til Póllands. Þá kom í ljós að þeir voru skráðir á utangarðsskrá í Þjóðskrá og þar af leiðandi jafnvel ekki komnir með þau réttindi sem þeir hefðu annars átt hjá Tryggingarstofnun.

Ástæður sem gefnar voru eru að þeir höfðu ekki verið búsettir hér á landi í skilningi lögheimilislaganna samkvæmt upplýsingum Þjóðskrár. Það hlýtur að vakna sú spurning hvar erlendir launamenn sem hingað koma eigi að fá upplýsingar af þessu tagi annars staðar en einmitt hjá Þjóðskrá um leið og þeir eru skráðir til þess að fá kennitölu. Það að búa á gistiheimili eða öðru húsnæði sem hefur ekki verið flokkað sem íbúðarhúsnæði telst ekki vera lögheimili.

Símenntunastofnun KHÍ vekur athygli á áhugaverðum námskeiðum á vorönn 2007:

Stofnanir og félagasamtök geta sótt um þjónustu Símenntunastofnunar sem og einstök sveitafélög eða samtök sveitarfélaga. Símenntunastofnun sinnir verkefnum á vegum bæjarfélaga og ríkis. Samtök fagfólks eða einstök fagfélög ættu að finna sitthvað sem þeim hentar á vef Símenntunar.

Hugarkort

Kennari Hróbjartur Árnason

Fullorðnir í námi

Kennari Hróbjartur Árnason

Dans þjóðdansar og skapandi dans

Kennarar Aðalheiður Ragnarsdóttir og Ragna Rögnvaldsdóttir




Einnig hafa margir þeirra lent í því að umsókn um dvalarleyfi er skilað inn einhverjum mánuðum eftir komu þeirra til landsins og því er skráningu ekki breytt í Þjóðskrá fyrir en það liggur fyrir og þá hefur viðkomandi jafnvel verið hér í 6-8 mánuði.

Eins og kerfið er hér á Íslandi þá eru málin ekki afgreidd á einum stað og því ljóst að upplýsingar hjá þessum stofnunum þurfa að vera samtengdar á einhvern hátt þannig að þegar erlendir starfsmaður fær kennitölu þá beri honum um leið að fá upplýsingar um að hann sé skráður utangarðsskrá þar til umsókn um dvalarleyfi er afgreidd hjá Útlendingastofnun og þá hvar hann eða vinnuveitandi skilar því inn. Einnig er mikilvægt að ef að dvalarstaðurinn sem hann er skráður á flokkast ekki sem lögheimili að þá sé hann strax látinn vita af því, sagði Fjóla að lokum.

Símenntunastofnun Kennaraháskóla Íslands. Bolholti 6, 105 Reykjavík. Símar: 563 3980 og 563-4884
<http://simenntun.khi.is>

Launavernd tryggir áframhaldandi tekjur fjölskyldunnar



Launavernd tryggir áframhaldandi tekjur fjölskyldunnar komi til launamissis vegna fráfalls, sjúkdóma eða örorku. Auk þess byggir þú upp viðbótarlífeyrissparnað sem eykur fjárhagslegt sjálfstæði þitt við starfslok. Það eina sem þú þarft að gera er að uppfæra launareikninginn þinn með Launavernd. Komdu við í næsta útibúi, hafðu samband í síma 410 4000 eða farðu á landsbanki.is og fáðu nánari upplýsingar.



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

Launavernd Landsbankans



20 ára starfsafmælisdagurinn

Byrja á að fara í Árbæjarbakarí

- segir Guðmundur Sveinsson

Guðmundur Sveinsson við færiband sem flytur eldhúsrúllur í plöstin

Guðmundur Sveinsson vinnur á lager hjá Papco og á 20 ára starfsafmæli þann 21. janúar nk. Að því tilefni heimsótti blaðið hann á vinnustað sínum. Guðmundur sagði að sér líkadi mjög vel að vinna á lagernum. Við framleiðum eldhúsrúllur og klósett-pappír og starf mitt snýst aðalega um að setja tólm bretti við færibandið sem flytur vörurnar inná lagerinn. Þegar brettið er orðið fullt tek ég það með tjakkalyftara og set í gám sem er á planinu við húsið og plasta brettin jafnóðum til þess að varan hrynji ekki af þeim í flutningnum.

Það er fínt að vinna hjá Papco og vinnufélagarnir eru frábærir

Aðspurður sagðist hann vinna frá átta til fjögur og að öll vinnuadstaða og annar aðbúndaður fyrir starfsmenn sé mjög góður. Ég kem oftast með nesti að heiman en stundum kem ég við í Árbæjarbakarí og fæ kökur hjá vini mínum og þá fá vinnufélagarnir líka kökur með kaffinu. Það er kannski þessvegna sem þeir segja að ég sé lagerstjórinn, segir hann.

inn, segir hann.

Þegar Guðmundur er spurður hvort að hann ætli að gera eitthvað sérstakt í tilefni af afmælinu, segir hann að afmælisdaginn beri upp á sunnudag. Þessvegna ætli hann að byrja á því að fara í Árbæjarbakarí og fá sér kaffi og eitthvað gott meðlæti. Og nota svo það sem eftir er dags til þess að slappa af.

Það er fínt að vinna hjá Papco og vinnufélagarnir eru frábærir, segir þessi bjartsýni dugnaðarmaður. Ég gæti vel hugsað mér að vinna hér það sem eftir er starfsævi minnar, sagði Guðmundur og brosti.

BINGÓ Í VINABÆ

Öll miðvikudags-,
föstudags- og
sunnudagskvöld
kl. 19.15

„Að spila bingó vinnur á móti hrörnun heilans“

B₁₂

I₂₇

N₃₃

G₅₆

O₇₄

Skiopholt 33 s. 5534054



Vöfluveisla með morgunkaffinu

Þegar blaðamaður Eflingarblaðsins átti leið um byggingarsvæði Byggingarfélags Gylfa og Gunnars á Löngulínu í Garðabæ, rakst hann á starfsmenn sem voru að gæða sér á vöflum með morgunkaffinu. Þeir sögðu frá þeim

skemmtilega sið að vöflubakstur væri fastur liður fyrir hádegi á föstudögum og að vöflunum væru alltaf gerð góð skil eins og sést vel á þessari mynd.

Þátttakendur vöfluveislunnar að þessu sinni voru f.v. Hafþór Einarsson,

Friðrik Benediktsson, Magnús Rúnarsson, Jón Trausti Jónsson, Oddur Svavarsson og Páll Leifsson. Ómar Garðarsson, verkstjóri stendur og fylgist með að menn borði ekki yfir sig.



Fjölbrautaskólinn
í Breiðholti

Kvöldskóli FB

Félagsgreinar - Íslenska - Sagnfræði - Listir - Handíðir - Snyrtifræði
Rafiðnir - Raungreinar - Stærðfræði - Sjúkraliðagreinar - Tréiðnir
Tungumál - Tölvugreinar - Viðskiptafræði

www.fb.is



Leonardoverkefni fær viðurkenningu

Ánægjulegt að ná þessum árangri

- segir Marianna Traustadóttir

Marianna Traustadóttir til hægri ásamt Peter Plant frá Danmörku og Marjo Kolkka frá Finnlandi sem voru meðal þeirra sem tóku þátt í verkefninu

Það var mikil viðurkenning fyrir Starfsafl og Eflingu á dögnum þegar Marianna Traustadóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri Starfsafls, tók á móti verðlaunum í Finnlandi fyrir eitt af 10 bestu verkefnum Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlunarinnar í fullorðinsfræðslu á tímabilinu 2000-2006. Marianna hélt utanum lokafrágang þessa verkefnis fyrir hönd Starfsafls og fylgdi hún því til enda með þátttöku sinni í þessari ráðstefnu þar sem Ísland komst með þessum hætti svo ánægjulega í sviðsljósið fyrir góða stjórnun verkefnis í starfsmenntamálum. Það var ánægjulegt að ná þessum árangri þar sem verkefnið er eitt af 2000 verkefnum í áætluninni og alveg stýrt frá Íslandi, sagði Marianna á fundi með félagsmönnum Eflingar í síðasta mánuði.

Bundnar eru miklar vonir við að þetta nám sem nokkrir trúnaðarmenn Eflingar sóttu verði í boði fyrir aðra trúnaðarmenn á næstunni.

Námshvatning á vinnustað var heiti verkefnisins og var hluti af Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið var 30 mánaða verkefni þróað á árunum 2003-2006 og var unnið í samstarfi við 9 önnur Evrópulönd og var stýrt af Starfsafl – starfsmenntunarsjóði Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins

Stýrihópur verkefnisins hannaði fyrir fjarnám 100 klukkustunda námsfni í náms- og starfsráðgjöf. Námskeiðið er skipulagt fyrir þá sem vilja taka að sér að kynna og benda á möguleika til náms fyrir almennt launafólk með stutta skólagöngu að baki. Námskeiðið er hugsað jafnt fyrir trúnaðarmenn stéttarfélaga, millistjórnendur, starfsmannastjóra og aðra sem áhuga hafa á að auka þekkingu sína svo þeir geti veitt samstarfsmönnum ráðgjöf og hvatningu til náms og símenntunar.

Námið er sambland af fjarnámi í gegnum tölvu og staðbundnum námslotum þar sem nemendur hittast með kennara. Það hefur þegar sýnt sig að viðbótarþekking um náms- og starfsráðgjöf hefur nýst trúnaðarmönnum í því að leiðbeina samstarfsfólki um leiðir til að þróa færni og kunnáttu þeirra, m.a. með upplýsingagjöf um námstilboð og síðast en ekki síst að benda samstarfsfélögum á hvar hægt er að hafa aðgengi að náms- og starfsráðgjöf.

Á heimasíðu verkefnisins eru nánari upplýsingar www.workplaceguidance.eu

Immunocal

Mysupróteinið sem hefur náð að auka **Glutathione* á náttúrulegan hátt og styrkja þannig ónæmiskerfi líkamans.**

***Aðal andoxunarefni frumanna sjálfra og afeitrari líkamans. Starfsemi og virkni ónæmiskerfisins fyrir t.d. C og E vitamin og önnur andoxunarefni, árangur af lyfjagjöf, vörn gegn sýkingum, líkamlegt þrek og heilbrigði og baráttuþrek hvítra blóðkorna er algjörlega háð náttúrulegum **Glutathione** forða líkamans.**

Immunocal á Íslandi ehf. S. 533 3010

Heilsunuddhúsið Selfossi, S. 898 6544	Vitamin.is www.vitamin.is	Heilsuhúsið www.heilsa.is
--	--	---

Hrein hollusta



Hrein hollusta með háu hlutfalli af fjölmöttuðum fitusýrum og auðug af A- og D- vítamínum. Með viðbættu E-vítamíni.

Þorskalýsi styrkir vöxt tanna og beina, hefur góð áhrif á sjónina og byggir upp viðnám gegn ýmsum kvillum. Það er auðugt af omega-3 fitusýrum og víða um heim fara fram miklar rannsóknir á áhrifum þeirra á ýmsa sjúkdóma, svo sem psoriasis, asthma, hjarta-, geð- og gigtarsjúkdóma. Niðurstöður rannsókna hafa vakið mikla athygli og sýna að fitusýrurnar koma líkamanum til góða á mörgum sviðum. Þær skýra hollustu lýsisins, sem löngum hefur verið kunn meðal Íslendinga.



Hópurinn sem var útskrifaður, ásamt Huldu Ólafsdóttur, framkvæmdarstjóra Mímis-símenntunar lengst til vinstri í aftari röð og Hólmfríði E. Guðmundsdóttur Davis ráðgjafa lengst til hægri í aftari röð.

Lesblindir ná tökum á texta

Hæfileikinn er í myndrænni hugsun

- segir Hólmfríður E. Guðmundsdóttir, ráðgjafi

Hér er að sjálfsgöðu ekki um neina töfralausn að ræða en nemendur upplifa á stundum ákveðna hugljómun og er það líklega vegna þess að sá hæfileiki sem lesblindunni fylgir er nú nýttur til að yfirvinna hindranirnar. Þetta sagði Hólmfríður E. Guðmundsdóttir, Ron Davis ráðgjafi, í áhrifamiklu ávarpi til nýútskrifaðra nemenda á lesblindunámskeiði. Hæfileikinn, sagði hún, lýsir sér í myndrænni hugsun og að geta séð fyrir sér í þrívídd en einmitt sá eiginleiki getur valdið erfiðleikum þegar unnið er með tvívíð tákni eins og stafi. Öll erum við þannig að við höfum tilhneigingu til að nota það sem við erum góð í og þess vegna beitir lesblindur einstaklingur þrívíddargáfunni ósjálfrátt á stafi og tákni. En þar virkar hún alls ekki, stafir geta snúist, víxlást og jafnvel horfið og heilu setningarnar misskiljast, sagði hún.

Nýlega voru 14 nemendur útskrifaðir af lesblindunámskeiði hjá Mími-símenntun. Námskeiðið bar yfirskriftina „Aftur í nám“ og er byggt á svokallaðri Ron Davis aðferð. Það var áhrifamikið að hlýða á Hólmfríði E. Guðmunds-

dóttir, Davis ráðgjafa ávarpa nemendur en hún hefur séð um skipulagningu námsins í samvinnu við Mími-símenntun. Hún sagði m.a. að 40 kennslustundir af þessu námskeiði væru einkatímar þar sem svo kallaðri Davis aðferð væri beitt við að ná tökum á lesblindunni.

Með Davis aðferðinni lærir fólk að stjórna athygli sinni og einbeitingu og er í raun að þjálfar skynjun sína upp á nýtt þannig að það verður auðveldara að lesa, skrifa og úthald eykst í allri textavinnslu. Flestir eru að eðlisfari bæði myndrænir og orðrænir en lesblindir eru nánast undantekningarlaust miklu meira myndrænir. Það þýðir að orð þurfa að eiga sér mynd í huganum til þess að fullur skilningur náist. Þegar mikið er af myndlausum orðum í texta er líklegt að sá lesblindi missi þráðinn, það kemur eyða í frásögnina og athyglin er flogin.

Þarna kemur leirinn til sögunnar. Við búum til myndir fyrir myndlaus orð í leir eftir að hafa flett upp í orðabók, veltum fyrir okkur mismunandi merkingu og notkun eftir samhengi og búum til setningar út frá orðinu. Þetta er hörkuvinna og aðeins lítt hluti gerður á sjálfu námskeiðinu. Svo fullur árangur megi nást er nauðsynlegt að leira öll

myndlaus orð í íslensku en þau eru talin vera yfir 300. Öll þessi leirvinna getur nýst í að efla kunnáttu í öðrum tungumálum, stafsetningu og stærðfræði svo eitthvað sé nefnt.

Hún sagði að sér væri enn í fersku minni þegar hún heyrði fyrst af Davis aðferðinni hvað henni fannst fátíðlegt að líkja lesblindu við náðargáfu og að fólk ætti í raun að vera ánæggt með að vera lesblind. Bróðir hennar er lesblindur og hún sagðist muna vel þjáninguna sem hann gekk í gegnum alla sína skólagöngu og þá vissu hans að hann væri heimskur og algjörlega vonlaus um að það myndi nokkurn tíma breytast. Þetta átti að sjálfsgöðu bara við um bóklegar greinar. Honum gekk vel í smíði og allt lék í höndunum á honum og gerir enn í dag.

Seinna þegar hún fór sjálf að kenna var hún með nemanda sem gat ekki lært að lesa, þá 12 ára gamall. Það var alveg sama hvað var reynt, stafir sneru vitlaust, orð vitlaust skrifuð og það sem gekk þokkalega í dag var gleymt á morgun. En þið hefðuð átt að sjá myndirnar sem hann teiknaði. Það datt engum í hug að það sem hann gerði svo snilldarlega gæti á einhvern hátt tengst lesblindunni, sagði hún að lokum.

Námskeið Eflingar vor 2007

Hvað?	Fyrir hverja?	Hvar?	Hvenær?	Kl. hvað?	Skráning
Nám fyrir trúnaðarmenn					
Trúnaðarmannanámskeið I	Nýja Trúnaðarmenn	Fræðslusetur Eflingar, Sætni 1	22. - 26. janúar	9.00 - 16.00	Efling
Trúnaðarmannanámskeið - erlendir trúnaðarmenn	Nýja erlenda Trúnaðarmenn	Fræðslusetur Eflingar, Sætni 1	29. janúar - 2. febrúar	9.00 - 16.00	Efling
Trúnaðarmannanámskeið II	pá sem lokið hafa Trúnaðarmannanámskeiði I	Fræðslusetur Eflingar, Sætni 1	5. - 9. mars	9.00 - 16.00	Efling
Upprifiun kjarasamninga hjá Ríkinu og Reykjavíkurborg	Trúnaðarmenn	Fræðslusetur Eflingar, Sætni 2	13. mars	9.00 - 12.00	Efling
Upprifiun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði	Trúnaðarmenn	Fræðslusetur Eflingar, Sætni 3	27. mars	9.00 - 12.01	Efling
Trúnaðarmannanámskeið III	pá sem lokið hafa Trúnaðarmannanámskeiði II	Utan Reykjavíkur	29. - 31. mars		Efling
Nám fyrir erlenda félagsmenn					
Trúnaðarmannanámskeið I erlendir trúnaðarmenn	Nýja erlenda trúnaðarmenn	Fræðslusetur Eflingar, Sætni 1	29. janúar - 2. febrúar	9.00 - 16.00	Efling
Félagsliðabré - erlendir félagsmenn 1. önn	Fyrir starfsfólk á öldrunarstofnunum/aðhlyning	Mimir-símenntun	Hefst 15. janúar	13.45 - 16.45	Efling
Sjálfstýking og samkipti pólska	Fyrir pólskumælendi félagsmenn	Efling	8., 10. og 15. janúar	19.00 - 22.00	Efling
Námskeið almenns eðlis					
Aftur í nám	Fyrir alla	Mimir-símenntun	Hefst 16. janúar	17.00 - 20.00	Mimir-símenntun
Aftur í nám	Fyrir alla	Mimir-símenntun	Hefst 27. febrúar	17.00 - 20.00	Mimir-símenntun
Sjálfstýking	Fyrir Eflingar félaga	Efling	5., 7. og 12. mars	19.00 - 22.00	Efling
Starfslokánámskeið	Fyrir Eflingar félaga	Efling	19., 21. og 24. febrúar	19.00 - 22.00 + laugard.	Efling
Streita og streitusjórnun	Fyrir Eflingar félaga	Efling	14., 19. og 21. febrúar	19.00 - 22.00	Efling
Starfstengt nám					
Leikskólabré 1 (45+) á 4. önn	Leiðbeinendur II á leikskólum	Mimir-símenntun	Hefst 11. janúar	8.15 - 12.00	Efling
Leikskólabré 2 á 3. önn (tveir hópar)	Leiðbeinendur II á leikskólum	Mimir-símenntun	Hefst 9. janúar	17.30 - 21.15	Efling
Leikskólabré 3 á 2. önn (tveir hópar)	Leiðbeinendur II á leikskólum	Mimir-símenntun	Hefst 11. janúar	17.30 - 21.15	Efling
Leikskólabré 4 á 1. önn	Leiðbeinendur II á leikskólum	Mimir-símenntun	Hefst 15. janúar	17.30 - 21.15	Efling
Félagsliðabré 1 á 2 önn	Fyrir starfsfólk á öldrunarstofnunum/aðhlyningu	Mimir-símenntun	Hefst 15. janúar	16.30 - 19.30	Efling
Félagsliðabré 2 á 1. önn	Fyrir starfsfólk á öldrunarstofnunum	Mimir-símenntun	Hefst 16. janúar	16.30 - 19.30	Efling
Fagnámskeið I - 40 kennslustundir, leikskólastarfsmenn	Fyrir starfsmenn leikskóla	Mimir-símenntun	19. til 23. mars	8.50 - 15.30	Menntasvið
Fagnámskeið II - 40 kennslustundir	Fyrir starfsmenn leikskóla	Mimir-símenntun	26. febrúar til 2. mars	8.50 - 15.30	Menntasvið
Fagnámskeið IV - 60 kennslustundir	Fyrir starfsmenn leikskóla	Mimir-símenntun	23. apríl til 3. maí	8.50 - 15.30	Menntasvið
Fagnámskeið II - 104 kennslustundir	Fyrir starfsmenn í aðhlyningu og ummömun	Mimir-símenntun	31. janúar til 29. mars	13.20 - 16.15	Efling
Jarðlagnatækni	Fyrir starfsmenn sem vinna við jarðlagnir	Mimir-símenntun	Hefst 8. janúar	8.30 - 17.00	Efling
Félagsliðabré - erlendir 1. önn	Fyrir starfsfólk á öldrunarstofnunum/aðhlyning	Mimir-símenntun	Hefst 15. janúar	13.45 - 16.45	Efling
Fagnámskeið II mótuneyti og eldhús	Starfsfólk mótuneyta og eldhúsa	Sæmundur fróði	Hefst 23. janúar	15.15 - 18.10	Efling



Þær tóku sig vel út konurnar sem unnu við sláturgerð á síðustu öld hjá Slátur-

félagi Suðurlands að Skúlagötu 20. Þessi myndarlegi hópur kvenna er að sauma

vambir upp á gamla mátann.



Mjólkinni var tappað á glerflöskur í Mjólkursamsölu Reykjavíkur til ársins 1967. En þessi mynd er sennilega

töluvert eldri. Árið 1958 hófst átöppun á rauðu hyrnurnar og þær reyndust mun þægilegri í notkun m.a. vegna þess að

flöskurnar voru töluvert þyngri.

Fjarnám

með áherslu á starfstengt nám

Kvöldskóli

Byggingagreinar

Efnisfræði, framkvæmd og vinnuvernd og grunnteikning.

Tækniteiknun

Húsateikning, raflagnateikning, innréttingateikning, vélateikning, AutoCad og grunnteikning.

Tölvubraut

Forritun, gagnasafnsfræði, vefsíðugerð, vefforritun, netstýrikerfi og vélbúnaður.

Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

Allar greinar í grunnnámi upplýsinga- og fjölmiðlabrautar; eins og myndbygging og formfræði, myndgreining, týpógráfía og grafísk hönnun, myndvinnsla og margmiðlun, hljóðtækni, ljós- og litafræði, inngangur að fjölmiðlun.

Meistaraskóli

Allar stjórnunar- og rekstrargreinar.

Almennt nám

Enska 212, ENS303, GRT203, STÆ202, algebra og föll, STÆ 303, stærðfræði, UTN103, notkun upplýsingatækni og tölva í námi.

Rafiðnanám

Rafiðnabraut GR06 (ný námsskrá).

Bygginga- og mannvirkjagreinar

Verklegt og bóklegt grunn- og framhaldsnám.

Rafiðnanám

Grunnnám rafiðna 2. önn. Rafvirkjun 3.–7. önn.

Listnám

Ýmsir áfangar í kjarna og á kjörsviði almennrar hönnunar. Öflugur undirbúningur fyrir framhaldsnám í hönnun.

Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar

Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina. Undirbúningur fyrir nám í grafískri miðlun, vefsmíð, ljósmyndun, nettækni, prentun og bókbandi..

Tækniteiknun

TTÖ103 Tölvuteikning - AutoCad.

Meistaraskóli

Allar rekstrar- og stjórnunargreinar. Faggreinar byggingagreina.

Almennt nám

Bókfærsla, danska, eðlis- og efnafræði, enska, félagsfræði, frihendisteikning, íslenska, grunnteikning, spænska, stærðfræði, þýska, notkun upplýsingatækni og tölva.

Innritun og greiðsla á neti stendur yfir og er opin til 14. jan. 2007 á www.ir.is.

Innritun með aðstoð verður í matsal skólans, þri. 2. og mið. 3. jan., frá kl. 16.30–19. (Hægt er að greiða með peningum, debet- eða kreditkort). Kennsla hefst þri. 9. janúar 2007.

Kennsla einstakra áfanga er með fyrirvara um næga þátttöku.

Innritun og greiðsla á neti stendur yfir og er opin til 18. jan. 2007 á www.ir.is. Kennsla hefst fös. 19. jan. 2007.

Kennsla einstakra áfanga er með fyrirvara um næga þátttöku.

Allar frekari upplýsingar í síma 522 6500 eða á vef skólans www.ir.is.



ÍÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Kynning á trúnaðarmönnum

Tók við starfi trúnaðarmanns í sumar

- segir Friðrik Benediktsson



Friðrik Benediktsson

Friðrik Benediktsson vinnur á byggingarkrana hjá Byggingarfélagi Gylfa og Gunnars við byggingu fjölbýlishúss

í Garðabæ og tók við starfi trúnaðarmanns á vinnustaðnum sl. sumar. Hann er 23 ára og hefur unnið hjá fyrirtækinu

í 4 ár og segir að sér líki vel við starfið. Flestir stjórna krananum úr stjórklefa en honum finnst betra að hafa fæturnar á jörðinni og stjórna krananum með fjarstýringu. Vinnudagurinn hefst klukkan átta og honum lýkur klukkan sex alla daga nema föstudaga. Þá sé unnið til klukkan þrjú og svo vinnum við stundum á laugardögum, segir hann.

Þegar Friðrik er spurður um áhugamál sín, segist hann hlusta mikið á tónlist og æfa lyftingar. Ég stefni að því að keppa á fitnessmóti í byrjun árs og hlakka mikið til að takast á við það verkefni, segir hann.

Friðrik segir að lítið hafa reynt á trúnaðarmannastarfið enn sem komið er. Aðeins eitt mál hefur komið til minna kasta og það leystist á farsælan hátt, sagði hann og hvarf á braut með fjarstýringuna á milli handanna.

Friðrik er í sambúð með sinni Önnu Dúnu Rúnarsdóttir.



Jónína Erla Valgarðsdóttir á heimili sínu.

Jónína Erla Valgarðsdóttir er 58 ára og vinnur við umönnun aldraðra á Heilabílnardeild á Landakoti. Hún hóf störf

hjá LHS fyrir átta árum en hefur unnið á Landakoti síðastliðin fjögur ár. Jónína segist vinna mikið á næturvöktum því

að hún sé í námi á Sjúkraliðabru sem hófst í haust og þessi vinnutími henti vel á meðan hún er í skólanum. En hún tekur líka dagvaktir og kvöldvaktir. Svo vinn ég stundum um helgar til þess að auka tekjurnar, segir hún.

Jónína segir líka að áhugamál sín snúist aðalega um dætur sínar tvær, sem eru uppkomnar og ömmustelpu sem er 12 ára og heitir Snædís Erla. Við erum góðar vinkonur og ferðumst mikið saman bæði innanlands og utan. Svo finnst mér líka gott að skreppa ein á sólarströnd og hvíla mig.

Þegar Jónína er spurð hvenær hún hafi tekið við starfi trúnaðarmanns, segir hún að það hafi verið fyrir tveimur árum. Enginn hafði verið í þessu starfi um tíma. Og vegna þess að ég hef töluverða reynslu af félagsmálum, sem stjórnarmaður í Verkakvinnafélaginu Framsókn og Dagsbrún Framsókn eftir að félögin voru sameinuð, gaf ég kost á mér í þetta starf. Jónína segir líka að hún hafi ekki þurft að takast á við nein erfið mál, vegna þess að Landakot sé einstakur vinnustaður og starfsfólkið sé almennt mjög ánægt í vinnunni. Það eru helst launamálin sem hvíla þungt á fólki sem leitar til mín, sagði Jónína að lokum.



Mikilvægt framtak fyrir erlend ungmenni

Framtíð í nýju landi á flugi

Efling-stéttarfélag hefur undanfarin misseri verið aðili að verkefni þar sem reynt er að tengja saman nám og framtíðarstarf ungra Víetnama á aldrinum

16-25 ára. Í þessum hópi er margt leitandi ungmenna og verkefnið miðar að því að aðstoða þau og styðja við leitina að framtíðarstarfi eða námi við

hæfi. Mjög mikilvægt er að ungt fólk af erlendum uppruna fái sérstaka íslenskukennslu í skólakerfinu til að geta fótast sig í íslensku samfélagi.

Það er samfélaginu öllu og þessum ungmennum fyrir bestu ef þau njóta sömu tækifæra og annað ungt fólk í landinu.

Verkefnið miðar að því meðal annars að vinna með þessum ungmennum þannig að þau fái tækifæri til að finna sér námsleið við hæfi og til þess að geta valið hana þurfa ungmennin að fá að prófa sig áfram í störfum og er það einn hluti verkefnisins að finna vinnu með stuðningi til þess að þau fái að kynnst viðkomandi starfi. Hluti af verkefninu er aðstoðarmannakerfi eða kerfi mentora sem eru ungmennunum til aðstoðar við að skilja betur íslenskt samfélag og bæta þekkingu þeirra í íslensku.

Verkefninu lýkur í árslok 2007 og verður reynsla þessi vonandi þannig að hún gagnist ungmennum frá öðrum löndum til þess fóta sig í íslensku samfélagi.

Í verkefnisstjórn er Fjóla Jónsdóttir fulltrúi Eflingar.

Vorönn 2007

Fjölbreytt námskeið í boði:

Tungumál

Bókhaldsnámskeið

Tölvunámskeið

Garðyrkjunámskeið

Íslenska fyrir útlendinga

Verklegar greinar

Saumanámskeið

Matreiðslunámskeið

kvoldskoli@kopavogur.is

Þekking Menntun Fræðsla

Auktu við þekkingu þína á
skjótan og skemmtilegan hátt

Innritun 8. – 18. janúar

kl. 10 – 18 í síma 564 1507,

á vef skólans og á skrifstofu

Kvöldskólans í Snælandsskóla

við Furugrund.

Fyrstu námskeiðin hefjast 22. janúar

Verið velkomin!



<http://kvoldskoli.kopavogur.is>



Hvernig er séreignarsparnaðurinn greiddur út?

Meginreglan er sú að rétthafi getur hafið úttekt á séreignarsparnaði sínum þegar hann hefur náð 60 ára aldri en þó ekki fyrr en 2 árum eftir fyrstu innborgun. Innistæðan er greidd út með jöfnum greiðslum á árunum fram að 67 ára aldri. Ef hins vegar innistæðan er undir ákveðnu lágmarki, sem í dag er um 750.000,- kr. er heimilt að dreifa útborguninni á skemmri tíma. Við 67 ára aldur er hægt að fá inn eignina greidda út í einu lagi eða dreifa henni óháð upphæð inneignar. Ákveðið samspil er milli tekna fólks og lífeyrisgreiðslna úr Tryggingastofnun. Því er í mörgum tilvikum heppilegast að taka sparnaðinn út fyrir 67 ára aldurinn. Þetta er þó mjög einstaklingsbundið og háð þeim tekjum/lífeyri sem hver og einn hefur eftir að 67 ára aldri er náð.

Breyting á lögum

Jákvætt fyrir eigendur séreignarsparnaðar

Flestum er ljóst mikilvægi þess að spara til efri árána. Hver hefur ekki látið sig dreyma um að eiga náðuga tíma á eftirlaunaárunum? Æ fleiri stefna líka að því að hætta að vinna fyrr til að sinna áhugamálum eða ferðast. En til að slíkir draumar geti orðið að veruleika þurfum við að búa í haginn fyrir okkur hvert og eitt og huga vel að lífeyrismálum og öðrum sparnaði á starfsævinni.

Lífeyrismálin eru hluti af fjármálum okkar alla starfsævina!

Lífeyrismálin eru stór hluti af fjármálum einstaklinga og því ættum við að

gefa okkur tíma til að skoða þessi mál og kynna okkur réttindi okkar og möguleika til að auka þau með t.d. séreignarlífeyrissparnaði. Séreignarlífeyrissparnaður er tækifæri sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Mótframlag launagreiðanda og hagstæðar skattareglur gera þennan sparnað að hagstæðasta sparnaði sem völ er á og mun í framtíðinni draga verulega úr þeim breytingum sem verða við starfslok, þeim breytingum sem verða við það að fara af fullum tekjum á vinnumarkaði. Tækifærin liggja líka í því að geta tekið séreignina út á ákveðnum árafjölda eftir 60 ára aldur.

Þann 1. janúar 2007 tók gildi breyting á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra. Þar kemur fram sú breyting að lífeyrisþegar sem taka út séreignarsparnað sinn geta óskað eftir því hjá Tryggingastofnun ríkisins að dreifa áhrifum þessara tekna á allt að 10 ár og geta með því móti lágmarkað eða komið í veg fyrir að þessi sparnaður skerði lífeyrinn hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Lagabreytingin sem varð nú um áramótin kemur til móts við þá sem eru 67 ára og eldri og eiga inni séreignarsparnað. Í ljósi þessara breytinga hvetjum við sjóðfélaga sem komnir eru á lífeyri hjá Tryggingastofnun að kynna sér þessa leið og nýta sér þessa dreifingu hjá Tryggingastofnun ríkisins.

ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI ÖLL ÖKURÉTTINDI

Ný námskeið vikulega
www.et.is

**NÝ
ÖKUSKÓLINN**

SÍMI: 822 4502

Er allt til reiðu fyrir nýtt ár?

“Ólýsanlegt.”

Sara Ben, 18 ára nemi.

“..þegar farið að skila mér árangri..”

Kolbrún Kjartansdóttir, 51 árs Kennari.

“Rúmlega tvöfaldað hraðann”

Edda Emilsdóttir, 74 ára húsmóðir.

“..þetta er eiginlega of gott til að vera satt.”

B. Helgi Björgvinsson, 33 ára Forstöðum. UT. Air Atlanta .

“Ykkur að þakka mun ég rúlla upp samræmdu prófunum.”

Jökull Torfason, 15 ára nemi.

“Magnað námskeið, virkilega metnaðarfullt og vel skipulagt.”

Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, 32 ára Kennari.

“..er haldinn lesblindu en ég held að aðferð hraðlestrar minnki verulega áhrif hennar.”

Þorsteinn Þorsteinsson, 44 ára matsmaður.

“..jók hraðann tæplega fimmfalt með skilning á prófi upp á 10.”

Hafðís Björk Jónsdóttir, 20 ára á leið í tannlæknánám.

“Átti ekki von á að fjórfalda hraðann og auka skilning úr 50% í 80%”

Róbert Rafnsson, 36 ára Rafeindavirki.

“..alveg ótrúlegt að geta, með lítilli fyrirhöfn, lesið 746 orð á mínútu.”

Einar Brynjólfsson, 37 ára Framhaldsskólakennari

“...hefur gert mér kleyft að komast hraðar og betur yfir efnið.”

Atli Þór Kristbergsson, 36 ára kerfisstjóri.

“Af hverju að skríða í gegnum textann þegar það er skemmtilegra að hlaupa.”

Einar, 29 ára eilífðarstúdent

“Á þriggja vikna námskeiði fimmfaldaði ég lestrarhraða minn. Takk fyrir mig.”

Karólína Finnbjörnsdóttir, 22 ára laganemi.

“Finnst skemmtilegra að lesa og lýk bók mikið fyrr.”

Anna, 51 árs fulltrúi.

“...nauðsynlegt námskeið fyrir nám og vinnu.”

Lúðvík Lúðvíksson, 34 ára Lögfræðingur.

“...næ að einbeita mér miklu fyrr við erfiðan lestur.”

Claudia Vennemann, 40 ára starfsmannastjóri.

**Félagsmönnum í Eflingu býðst sérstakt Eflingartilboð fram til 1. apríl
...eða 30% afsláttur af þriggja eða sex vikna hraðlestrarnámskeiði**

Allar upplýsingar á www.h.is/efling.htm

Skráning hafin á www.h.is og í síma **586-9400**

Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:

Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nýtsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.



HRADLESTRARSKÓLINN

Efling og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

- Sérstakt Eflingartilboð -
Með því að framvísa þessari afritu
fæst 30% afsláttur af
hraðlestrarnámskeiði



Íslenskunámskeið á Dalbraut

Vilja framhaldsnámskeið

- segir Elsa Surban Dacuba

Elsa Surban Dacuba og María Belna Surban eru frænkur og vinna við heimaþjónustuna

Í vetur var haldið íslenskunámskeið fyrir útlendinga sem vinna við heimaþjónustu og ræstingar í þjónustuþúðum fyrir aldraða að Dalbraut 27. Námskeiðið var á vegum Alþjóðahússins og sá Ingibjörg Hafstað um að skipuleggja námið. Í námskeiðslok fór fram útskriftarhátíð í Þjónustumiðstöðinni og nemendur og kennarar sáu um skemmtiatriði. Heimilisfólkið og aðrir starfsmenn voru viðstödd og

Nemendur af ólíku þjóðerni fóru að tala meira saman og skiptast á skoðunum um ýmislegt sem fram kom í námsefninu.

létu vel af því sem fyrir augu og eyru bar á hátíðinni.

Elsa Surban Dacuba hefur unnið við heimaþjónustuna í 7 ár og var í hópi útskriftarnemenda ásamt frænku sinni. Elsa segir að 16 starfsmenn hafi tekið þátt í námskeiðinu og það hafi staðið yfir í tæpa tvo mánuði. Við lærðum að skrifa og tala íslensku og kennt var í fjóra tíma í viku á vinnutíma, nemendum að kostnaðarlausu. Hún segir líka fljótlega hafi farið að bera á árangri af náminu. Nemendur af ólíku þjóðerni fóru að tala meira saman og skiptast á skoðunum um ýmislegt sem fram kom í námsefninu. Einnig jukust samskiptin við íslensku starfmennina og heimilisfólkið verulega og núna eru þau alltaf tilbúin að hjálpa okkur með íslenskuna, segir hún.

Elsa segir að flestir sem tóku þátt í náminu hafi lært eitthvað í íslensku áður. En samt ekki nóg til þess að halda uppi samræðum. Eftir að námskeiðnu lauk gangi þeim mun betur að hafa samskipti við annað fólk, bæði í vinnunni og í daglegu lífi sínu.

Aðspurð segist hún ekki hafa heyrt annað en að þeir sem tóku þátt í námskeiðinu séu ánægðir með árangurinn og langi til að komast á framhaldsnámskeið sem fyrst.




Við veitum faglega ráðgjöf

Í Jurtaapótekinu starfa tveir menntaðir grasalæknar, Kolbrún Björnsdóttir og Ásdís Ragna Einarsdóttir.

JURTAAPOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR

Laugavegi 2 - 101 Reykjavík - Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

Dagbókin 2007 komin út



Dagbók Eflingar-stéttarfélags fyrir árið 2007 er komin út og hefur þegar verið send til félagsmanna. Efni bókarinnar er nokkuð breytt á hverju ári en uppistaðan í efni bókarinnar er samt að mestu hið sama. Í bókinni er nú að finna öll helstu málefni sem snerta félagsmenn Eflingar. Dagbókin liggur frammi í afgreiðslu félagsins og er jöfn eftirspurn eftir henni allt árið.

Í dagbókinni er fjallað um öll helstu mál sem snerta félagsmenn, réttindi og skyldur launafólks þannig að reynt er að miða við að bókin geti nýst launafólki á vinnustöðum til að gefa fyrstu upplýsingar. Hér er því að finna helstu upplýsingar um Eflingu, sjóði félagsins og annað gagnlegt.

Farið er yfir helstu áfanga í kjarabaráttu síðustu aldar, fjallað um kosti þess að vera félagsmaður í Eflingu og minnt á helstu atriði sem snerta kjör félagsmanna og kjarasamninga.

Gagnlegar upplýsingar eru um fræðslumál félagsins, sjóði þess og mögu-

leika félagsmanna til að efla menntun sína og þekkingu.

Greinargóðar upplýsingar eru um réttindi í orlofs- og sjúkrasjóði og helstu atriði varðandi réttindi atvinnulauss fólks.

Mikilvægt er að félagsmenn hafi samband við skrifstofu Eflingar ef þeir fá ekki heimsenda dagbók. Þá verður bætt úr því eins fljótt og kostur er.


Fróðleiksmolar

Ertu á réttum launum? Ertu kannski á „jafnaðarlaunum“? Má það?

Svar: Það er ekkert til í kjarasamningum sem heitir jafnaðarlaun



- Ertu búinn að vera á sjónum í eitt ár eða meira?
- Langar þig að fara á námskeið eða í skóla?




Átt þú rétt á styrk?

Sjómennt er fræðslusjóður sjómanna og útgerðarfyrirtækja. Félagsmaður, sem unnið hefur í a.m.k. 12 mánuði skv. kjarasamningi SA/LÍÚ við Sjómannasamband Íslands, hjá útgerðum innan LÍÚ, og greitt til aðildarfélags Sjómenntar á þeim tíma á rétt á stuðningi til starfsnáms.

Samtök atvinnulífsins (SA), Landssamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og Sjómannasamband Íslands (SSÍ) standa að Sjómennt.

Nánari upplýsingar: www.sjomennt.is • sjomennt@sjomennt.is





Lausnarorð:

Nafn: _____

Vinnustaður:

Sími:

Heimili:

Kennitala:

Verðlaunakrossgáta

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 15.000,- krónum.

Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag / Krossgátan, Sætún 1, 105 Reykjavík.

Svar þarf að berast fyrir 10. febrúar 2007.



Heppnin var með Björgu Ólafsdóttur

Að þessu sinni hlaut Björg Ólafsdóttir vinninginn í krossgátunni að upphæð 15 þúsund fyrir rétta lausn á síðustu krossgátu. Félagið óskar henni innilega til hamingju

Lausn síðustu krossgátu



STRÁKAPÖR



VINNUMIÐLUN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Engjateigi 11, 105 Reykjavík, sími: 515 4850
fax: 588 2587, netfang: vinnumidlun.hb@svm.is

Vinnumiðlun, ráðgjöf og
atvinnuleysissskráning fyrir íbúa
í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Hafnarfirði,
Bessastaðahreppi, Garðabæ,
Kópavogi, Mosfellsbæ og Kjós.

Afgreiðslutími alla virka daga frá kl. 9-15.30
Einnig eru veittar upplýsingar í síma.

Ingibjörg Bergmann Sveinsdóttir

f. 7. júní 1947 d. 16. nóvember 2006



Það er svo ótrúlegt stundum í lífinu að einstaklingar hittast og kynnast og eiga svo farsæl samskipti árum saman eins og þetta samspil hafi verið skrifað í skýin. Þannig var það með samskipti okkar Ingibjargar Sveinsdóttur sem kom inn í félagsstarf og stjórnarstarf hjá Starfsmannafélaginu Sókn og síðan Eflingustéttarfélagi. Hún kom til starfa inn í trúnaðarráð Sóknar og síðan stjórnina með sinn léttá húmor, skörpu greind og réttlætiskennd fyrir hönd þeirra starfsmanna sem hún var fulltrúi fyrir.

Ingibjörg vann í meira en áratug við heimaþjónustu hjá eldri borgurum mest í Vesturbænum. Hún var afar virt sem starfsmaður og fékk mikið hrós fyrir störf sín á þessum vettvangi. Ingibjörg var beðin um að halda erindi um starf sitt á árinu 2000 en þá var í gangi átaksverkefni um að auka virðingu fyrir umönnunarstörfum í samfélaginu.

Ingibjörg talaði þar fyrir fullu húsi um starfið sitt og hvernig einn dagur í starfinu væri. Það var frábært að vera þarna og finna hvernig hún átti salinn og skákadi sprenglærðu fólki í að ná til áheyrenda með erindi sínu. Við vorum svo stolt af henni og stuttu síðar samdi hún upp úr þessu erindi grein í Fréttablað Eflingar þar sem hún sagði okkur frá starfi sínu.

Ingibjörg naut mikils traust í því félagsstarfi sem hún sinnti og kom hún m.a. inn í samningaviðræður við Reykjavíkurborg. Þar gat hún sér á sama hátt frábært orðspor í að fylgja eftir og kynna fyrir samningsaðilum hvað í raun og veru er að vinna í heimaþjónustu. Við sem tókum þátt í þessum samningaviðræðum munum mjög vel hve samningsaðilar okkar tóku mikið mark á orðum hennar um ábyrgðina og þörfina sem hið merkilega starf heimaþjónusta inniber.

Það er mikill missir af konu eins og Ingibjörgu. Við félagar hennar úr stjórnunum Sóknar og síðar Eflingar-stéttarfélags viljum að lokum þakka þessum frábæra félagi fyrir samveruna í gegnum árin.

*Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir
1. varaformaður Eflingar*

Meirapróf – Nýir tímar

Nýlegir kennslubílar sem uppfylla
Euró 2 mengunarstaðal, lærou í nútímanum



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300

**Smelltu á
www.efling.is**

Glómsætt

Hellmanns Majones er fyrsta flokks majónes sem laðar fram það besta í matargerðinni. Flauelsmjúk áferð, besta hráefni og ósvikin bragðgæði gera það ómissandi á samlokur, í salöt og hverskonar aðra matargerð.



Hellmann's gerir samlokuna betri

Þín ákvörðun, þín leið, þitt Nicorette



- Mjúkt að innan
- Stökkt yfirborð
- Frískandi bragð
- Gómsæt blanda af ávöxtum og myntu
- Bragð sem kemur á óvart



25%

afsláttur af Fruitmint

www.nicorette.is

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer Denmark PCH ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ.